

Icelandic Group | IFS Ráðgjöf | Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur | ÍAV | Ísaga | Ísfélag Vestmannaeyja | Íslandsbanki | Íslandspóstur | Íslensk erfðagreining | Íslensk matorka | Íslensk verðbréf | Íslenska félagið | Íslenska umboðssalan | Íslenska útflutningsmiðstöðin | Ístak | Jarðefnaiðnaður | Já Upplýsingaveitur | JOCO L. M. Jóhannsson | Juris | Kauphöll Íslands / NASDAQ OMX Iceland | Kaupsel | Kistufell | Klakki | Klapparás | Klettur - sala og þjónusta | KPMG | Kvos | Kögun | Landsbankinn | Landsnet | Landsteinar Strengur | Landsvirkjun | Laugar | Lánasjóður íslenskra námsmanna | LEX | Listasafnið Hótel Holt | Lífland - Mjólkurfélag Reykjavíkur | LOCAL fjármál | LOCAL lögmenn | Locals Recommend / APPARAT HD | Loftmyndir | LOGOS | LS Finance | Lýsi | Lýsing | Lögfræðistofa Reykjavíkur | Mannvit | Marel | Maskína-rannsóknir | Matador Media / KinWins | Meniga | Miðlun | Miklatorg / IKEA | Míla | Motus | MP banki | Myllusetur | N1 | Naglinn vefþjónusta | Nathan og Olsen | Nordic eMarketing / Ferðavefir | NORDIK legal | Norðurál Grundartangi | Norræni fjárfestingarbankinn | Norvík | Nova Buildings | Nói-Síríus | NTC | Nýherji | Odix Consulting | Olíuverslun Íslands / Olís | Opin kerfi | Outcome hugbúnaður | Penninn á Íslandi | Poulsen | Practical | Prentmet | PricewaterhouseCoopers | PrimaCare | Profilm | Promens | Puzzled by Iceland | Radisson BLU / Hótel Saga | Rarik | Reitir fasteignafélag | Responsible Surfing | Reynihlíð | Rolf Johansen & Co | SagaMedica - Heilsujurtir | Salka-Fiskmiðlun | Samskip | Samtök atvinnulífsins | Sena | Sigurást | Síminn | Sjóvá-Almennar tryggingar | Skakkiturn | Skandinavíska háskólastofnunin | Skefjar | Skeljungur | Skema | Skipti | Skjal | Skjárinn | Sláturfélag Suðurlands | Sparnaður | Stefnir | Steinunn Sigurd | Stendur | Straumur fjárfestingabanki | StrokkurEnergy | Svarog | Sýningakerfi | Sævörur | Talnakönnun | Tannlæknastofa Þórarins Sigb. | Tax Free Worldwide - Iceland | THG Arkitektar | Thorp | Thule Investments | Títan Fjárfestingafélag | Toyota á Íslandi | TrackWell | Transmit | Tryggingamiðstöðin | TVG-Zimsen | Urriðaholt | Útfararstofa Kirkjugarðanna | Útfararþjónustan | Úthafsskip | Útherji | Valitor | Varða Capital | Vátryggingafélag Íslands | Verðbréfaskráning Íslands | Veritas Capital | Verkís | Verslunin Brynja | Verzlunarskóli Íslands | Vélar og verkfæri | Viking Fish | Vífilfell | Vísir | VSÓ Ráðgjöf | Vörður tryggingar | Þríhöfði / GuitarParty | Öldungur | Ölgerðin Egill Skallagrímsson | Össur | 365 miðlar | 3X Technology | 66° Norður / Sjóklæðagerðin | Aalborg Portland Íslandi | About Fish Íslandi | Actavis Group | Advania | ADVEL lögfræðiþjónusta | AK-Eignir / Eignaumboðið | Alcan á Íslandi | Alcoa á Íslandi | Alkemistinn | Almenna verkfræðistofan | Andrá heildverslun | Arctica Finance | Arev verðbréfafyrirtæki | Arion banki | Atlantsólía | Auður Capital | Álfatungl / 4x4OffRoads | Árni Siemens | Árvakur | Árvík | Bakkavör Group | Bako | BBA Legal | BDO | Bernhard Petersen | Better Business World | Wide Island | Bílasmiðurinn | BL | Bláa Lónið | Bleika Ísland / Pink Iceland

ÁRSSKÝRSLA 2010-2011

1917-2012

Sameiginlegur vettvangur íslensks viðskiptalífs í 95 ár



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

| Borgun | Brekkuhús | Brim | Brimborg | Búngaló | Bæjarins bestu | Calidris | Capacent | Carta Capital | CCP | Center | Centra Fyrirtækjaráðgjöf | CEO HUXUN | Clara | Congress | Reykjavík-Ráðstefnuþjónusta | Creditinfo Lánstraust | Danfoss | Data Market | Deloitte | DHL Express Iceland | Dögun Capital | EC | Consulting | Eignarhaldsfélagið Hof | Eimskip Ísland | EJS | Elás | Epal | Ernst & Young | Eskill | Expectus | Eyrir Invest | F.Bergsson Eignarhaldsfélag | Fafu | Farice | Félag ráðgjafarverkfræðinga | FISK-Seafood | Fjarskipti / Vodafone | Fjárstoð | Fjölver | Flugfélag Íslands | Flugleiðahótel / Icelandair Hotels | Framtíðarorka | Franch Michelsen | Fresko / Pizza Hut | Frjó Quatro | Frumherji | Fönn | Gagnavarslan | GAM Management | Gámþjónustan | Genís | Grand Hótel Reykjavík / Fosshótel | Guðmundur Arason | Hagar | Hagsýn bókhalds- og rekstrarþjónustan | Hampiðjan | Handlers | Hans Consulting | HaPP | Hálogaland | Háskólinn í

ÁRSSKÝRSLA VIÐSKIPTARÁÐS

2010-2011

Ársskýrsla Viðskiptaráðs er að þessu sinni í sérstökum 95 ára afmælisbúningi, en ráðið var stofnað árið 1917. Á hverri opnu skýrslunnar er litið inn til félaga ráðsins og fá lesendur að skyggast inn í rekstrarumhverfi og stöðu aðildarfélaga.

Innan raða Viðskiptaráðs eru fyrirtæki í fjölbreyttri starfsemi, þar má nefna ferðaþjónustu, veitingar, fjármál, tryggingar, framleiðslu, hátækni, nýsköpun, ráðgjöf, samgöngur, fjarskipti, sjávarútveg, útgáfu, miðlun, þjónustu og verslun.

Á síðustu árum hafa fjölmargir félagar bæst í hópinn en fjöldi fyrirtækja hefur starfað með Viðskiptaráði allt frá upphafsárum þess.

Bakhjarlar að útgáfu ársskýrslu á 95 ára afmæli Viðskiptaráðs eru eftirtalin fyrirtæki sem öll eiga fulltrúa í framkvæmdastjórn ráðsins.

Alcoa á Íslandi
Auður Capital
HB Grandi
Landsvirkjun
Lýsi
Marel
Síminn

Er þeim sérstaklega þakkaður mikilvægur stuðningur.

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4
Viðskiptaráð í 95 ár	6
Störf stjórnar og málefnaþópa	8
Viðskiptaþing 2010 & 2011	10
Sjálfbærni atvinnulífs	12
Skattamál	14
Fjárfestingaumhverfi og gjaldeyrishöft	16
Efnahagsmál	18
Endurskipulagning fyrirtækja	20
Stjórnarhættir fyrirtækja	22
Nýsköpun	24
Upplýsingamiðlun	26
Alþjóðasvið	28
Starfsemi og þjónusta	32
Rekstrarreikningur og efnahagsreikningur	34

ÞAKKIR

Stjórn og starfsfólk Viðskiptaráðs færir aðildarfélögum þess sérstakar þakkir fyrir samfylgdina og ómetanlegan stuðning síðastliðin 95 ár. Viðskiptaráð vill ennfremur færa eftirtöldum einstaklingum, fyrirtækjum, samtökum og fjölda annarra þakkir fyrir þátttöku þeirra og samstarf í opnum fundum og í öðrum verkefnum síðastliðin tvö ár.

Aðalsteinn Leifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík
Agnar Hansson, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá H.F. Verðbréfum
Alexander Eðvarðsson, forstöðumaður skattasviðs KPMG
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda
Andri Gunnarsson, lögmaður hjá Nordik
Andri Heiðar Kristinsson, fyrrv. framkvæmdastjóri Innovit
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri
Asko Ráty, lögmaður
Auður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Lifeyrissjóðs verkfræðinga
Auðunn Ragnarsson, þróunarstjóri Mentors
Ágúst Freyr Ingason, hjá Lazytown
Ágúst Karl Guðmundsson, lögfræðingur hjá KPMG
Árni Jón Árnason, yfirmaður fjármálamarkaða hjá Deloitte
Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels
Árni Páll Árnason, fyrrv. efnahags- og viðskiptaráðherra
Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa
Ásgeir Jónsson, lektor við Háskóla Íslands
Áslaug Hulda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar
Ásmundur G. Vilhjálmsson, eigandi Skattvís
Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Visbendingar
Benja Stig Fagerland, eigandi TalentTuning
Berglind Ósk Guðmundsdóttir, lögfræðingur hjá KPMG
Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair
Birma Einaradóttir, bankastjóri Íslandsbanka
Bjarni Þór Bjarnason, lögmaður hjá LOGOS
Björk Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Arion banka
Björn Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu
Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans
Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála hjá Icelandair Group
Bragi Gunnarsson, lögfræðingur hjá Landsbankanum
Brynjólfur Karlsson, aðstoðaryfirtollvörður hjá Tollstjóra
Carlos Bronzatto, WAIPA
Chris Pierce, forstjóri Global Governance Service
Creditinfo
Deloitte
Dóra Sif Tynes, fulltrúi Áfram hreyfingarinnar
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda
Einar Baldvín Axelsson, hrl. hjá LOGOS
Eliás Pétursson, eigandi Jarðmótunar
Elin Hirst
Elva Ósk Wíium, lögmaður hjá MP-banka
Erlendur Magnússon, framkvæmdastjóri Total Capital Partners
Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits
Eyþór Ívar Jónsson, forstöðumaður við Háskóla Íslands
Félag atvinnurekenda
Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA)
Félag lögglitra endurskoðenda
Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga
Finnbogi Jónsson, fyrrv. framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands

Fjármálaráðuneytið
Friðgeir Sigurðsson, sviðsstjóri skatta- og lögfræðiráðgjafar PWC
Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík
Garðar G. Gíslason, lögmaður hjá LEX
Garðar Víðir Gunnarsson, lögmaður hjá LEX
Gestur G. Gestsson, framkvæmdastjóri Advania
Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri GAMMA
Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Thule Investments
Guðmundur Björnsson verkfræðingur hjá GAMMA
Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brim
Guðrún Hálfðánardóttir, fyrrv. aðstoðarfréttastjóri mbl.is
Guðrún Johnsen, lektor við Háskólann í Reykjavík
Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri Primacare
Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands
Gylfi Zoega, prófessor við Háskóla Íslands
Hafdis Jónsdóttir, formaður FKA
Halldór Árnason, hagfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins
Halldór Bjarkar Lúðvígsson, framkvæmdastjóri hjá Arion banka
Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins
Harald Pétursson, hjá Nova
Háskólinn í Reykjavík
Heimir Örn Herbertsson, faglegur framkvæmdastjóri LEX
Hekla Arnardóttir, fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins
Helga Melkorka Öttarsdóttir, lögmaður hjá LOGOS
Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins
Helgi Anton Eiríksson, framkvæmdastjóri Iceland Seafood
Helgi Sigurðsson, framkvæmdastjóri bílaþvottastöðvarinnar Löðurs
Henry Alexander Henrysson, verkefnastjóri við Háskóla Íslands
Hermann Guðmundsson, forstjóri N1
Hilmar Janusson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs hjá Össuri
Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP
Hjallastefnan
Hjördís Dröfn Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum
Hólmfríður Kristjánsdóttir, lögfræðingur hjá Deloitte
Hreggviður Jónsson, forstjóri Veritas Capital
Hrund Rudolfsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Marel
Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka
Iðnaðarráðuneytið
Ingibjörg Árnadóttir, lögfræðingur hjá Íslandsbanka
Ingibjörg Gréta Gísladóttir í alþjóðanefnd FKA
Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur
Íslandsbanki
Íslandsstofa
Íslenski sjávarklasinn
Japönsk fræði við Háskóla Íslands
Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X Technology
Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra
Jóhanna Waagfjörð, fyrrv. formaður Leiðtoga-Auðar
Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður hjá Landslögum
Jón Bjarni Gunnarsson, aðst.frkv.stj. Samtaka iðnaðarins
Jón Elvar Guðmundsson, lögmaður hjá LOGOS

Jón Gunnar Jónsson, framkvæmdastjóri Actavis á Íslandi
Jón Helgi Egilsson, fulltrúi Advice hreyfingarinnar
Jón Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri Trackwell
Jón Ingi Herbertsson, markaðsdeild Marel
Jóna Björk Guðnadóttir, lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja
Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra
Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra.
Katrín Olga Jóhannesdóttir, stjórnarformaður Já upplýsingaveitna
Ketill Berg Magnússon, mannauðsstjóri Skipta
Knútur Þórhallsson, stjórnarformaður Deloitte
Kolbeinn Árnason, formaður samningshópsins við ESB um sjávarútvegsmál KPMG
Kristinn Hafliðason, verkefnisstjóri í erlendum fjárfestingum hjá Íslandsstofu
Kristin Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital
Kristján Hallvarðsson, framkvæmdastjóri hjá Marel
Kristján Freyr Kristjánsson, framkvæmdastjóri Innovit
LEX lögmannsstofa
Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova
LOGOS lögmannsþjónusta
Lúðvík Þráinsson, endurskoðandi hjá Deloitte
Lögmannafélag Íslands
Magnús Harðarson, aðstoðarforstjóri NASDAQ OMX Iceland
Marel
Margrét Guðrún Jónsdóttir, skrifstofustjóri Nox Medical
Margrét Pála Ólafsdóttir, fræðslustjóri Hjallastefnunnar
Mari Teigen, doktor í félagsfræði
Már Guðmundsson, Seðlabankastjóri
NASDAQ OMX Iceland
Norvik
Oddný G. Harðardóttir, fjármálaráðherra
Oddur R. Oddsson, sérfræðingur hjá BYR
Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins
Ólafur Magnússon, hjá Landsbankanum
Ólafur Stephensen, sölustjóri hjá Nova
Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins
Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland
Páll Jóhannesson, lögmaður hjá Nordik
Perla Björk Egilsdóttir, hjá SagaMedica
Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sólrúnar
Piero Segatta, framkvæmdastjóri Pústþjónustu BJB
Ragnar Árnason, prófessor við Háskóla Íslands
Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðurlás
Ragnheiður Snorradóttir, lögmaður hjá LEX
Rakel Sveinsdóttir, fyrrv. framkvæmdastjóri Creditinfo
Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan
Dr. Richard Vietor, prófessor við Harvard Business School
Dr. Richard Whish, prófessor við King`s College í London
Róbert H. Haraldsson, prófessor við Háskóla Íslands
Róbert Róbertsson
S. Alex Haslam, frá Háskólanum í Exeter
Salvör Nordal, forstöðumaður síðfræðistofnunar Háskóla Íslands

Samtök atvinnulífsins
Samtök fjármálafyrirtækja
Samtök iðnaðarins
Dr. Seiichiro Yonekura, prófessor við Hitotsubashi Háskóla í Tókýó
Selma Filippusdóttir, hjá Íslandsbanka
Sendiráð Japans á Íslandi
Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marels á Íslandi
Sigrún Helga Jóhannesdóttir, lögmaður hjá Advel
Sigurður Páll Hauksson, endurskoðandi hjá Deloitte
Símen Karlsen, yfirhagfræðingur hjá Copenhagen Economics
Síminn
Símon Þór Jónsson, forstöðumaður á skatta- og lögfræðisviði Deloitte
Skúli Mogensen, forstjóri fjárfestingafélagsins Titan
Stefanía Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Matorku
Stefán Einar Stefánsson, viðskiptasiðfræðingur
Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands við ESB
Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans
Svanbjörn Thoróddsen, sérfræðingur hjá KPMG
Svanhvít Reith, lögfræðingur hjá Tollstjóra
Svava Bjarnadóttir, fjármálastjóri Mannvits
Svava Johansen, forstjóri NTC
Sveinbjörn Höskuldsson, framkvæmdastjóri Nox Medical
Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ
Sveinn Kjartansson, matreiðslumaður
Tanya Zharov, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Auðar Capital
Tinna Jóhannesdóttir
Tryggingamiðstöðin
Tryggvi Jónsson, sviðsstjóri hjá Mannvit
Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka
Vala Valtýsdóttir, forstöðumaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte
Viðskiptablað Morgunblaðsins
Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentor
Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins
Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur
Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri hjá Háskólanum í Reykjavík
Þorsteinn Pálsson, fyrrv. ritstjóri og ráðherra
Þorsteinn Viglundsson, framkvæmdastjóri Samál
Þór Sigfússon, hjá Íslenska sjávarklaslanum
Þórunna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar og stjórnunar við HR
Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans
Þórður Eilefsson, hjá Össuri
Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyrir Invest
Þórlindur Kjartansson, stjórnarformaður Innovit
Þröstur Ólaf Sigurjónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík
Örn Valdimarsson, forstöðumaður hjá Eyrir Invest
Össur



„Verzlunarráðið berst ekki fyrir þröngum hagsmunum fáeinna fyrirtækja, heldur vill það koma á því fyrirkomulagi í efnahagslífinu, sem gætir fyllstu hagkvæmni og jafnréttis og eykur þau efnahagslegu gæði, sem koma til skipta í þjóðfélaginu, öllum landsmönnum til heilla. Í því er styrkur Verzlunarráðsins fólgin.“

Úr ársskýrslu Verzlunarráðs Íslands 1952

ÁGÆTU FÉLAGAR

Viðskiptaráð Íslands var stofnað árið 1917 sem „félagsskapur kaupþýslumanna og fyrirtækja á Íslandi, er reka sem aðalatvinnu verzlun, iðju, siglingar, skipamiðlun, tryggingarstarfsemi, bankaviðskipti og aðra atvinnu, skylda þessum atvinnugreinum“. Ráðið hefur því verið sameiginlegur vettvangur íslensks atvinnulífs í 95 ár. Alla þá tíð hefur tilgangur þess verið sá sami, að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum atvinnulífs, óháð atvinnugreinum eða stærð fyrirtækja, og að efla frjálsa verslun og framtak.

Á síðustu árum hafa starfsemi og áherslur Viðskiptaráðs verið rýndar til gagns og áframhaldandi uppbyggingar. Um 100 félagar tóku þátt í umbótaþingi Viðskiptaráðs, þar sem horft var um öxl, sameinast um grunnildin og lagðar skýrar línur um áherslur atvinnulífsins fram veginn. Hefur þeim verið fylgt eftir í starfi ráðsins.

Ljóst er að megin stefnumál Viðskiptaráðs hafa sjaldan átt betur við en nú eins og endurspeglast m.a. í niðurstöðum umbótaþingsins og auknum stuðningi við starfsemi ráðsins á síðustu misserum. Fleiri en 50 ný fyrirtæki hafa bæst við hóp félaga, reglubundin útgáfa og fundarstarf hefur eflst og málflutningur, t.a.m. um skattamál, fjárfestingarumhverfi, skuldaúrvinnslu, gjaldþrot, stjórnhætti og efnahagsmál, hefur fengið afar góðan hljómgrunn.

Í framhaldi af umbótaþingi hefur, m.a. fyrir tilstilli málefnaþópa stjórnar, verið lögð aukin áhersla á stuðning við góða stjórnarhætti í atvinnurekstri, nýsköpunarstarf og hagsmunamál lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Að auki hefur töluvert verið lagt upp úr bættri upplýsingamiðlun um íslensk atvinnu- og efnahagsmál til erlendra aðila með reglulegri útgáfu stöðuskýrslu á ensku, „*The Icelandic Economic Situation: Status Report*“, sem á annað þúsund erlendis aðilar eru áskrifendur að.

Mikið verk er þó eftir óunnið. Verulegir annamarkar eru enn á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja og flestir eru því sammála að viðreisn úr kreppuástandi síðustu ára hefur gengið of hægt. Fyrirtækin eru of skuldsett og það sama má segja um heimilin þar sem ráðstöfunartekjur eru einnig of lágar. Skattar eru of háir, uppbygging skattkerfisins hamlar framtaki og opinber umsvif og útgjöld eru of mikil. Þessu til viðbótar eru viðhorf opinberra aðila til atvinnustarfsemi, framtakssemi og velgengni lítt hagfelld og höft af ýmsum toga of mikil.

Verkefnið sem nú blasir við er að koma þessu til betri vegar. Hér höfum við alla möguleika til að efla lífskjör og velferð. Hæft fólk, dýrmætar náttúruauðindir og hreint og fallegt land mynda frjóan jarðveg til frekari verðmætasköpunar. En verðmætin verða til fyrir

tilstuðlan atvinnulífs, þ.e. framtaksamra einstaklinga og kraftmikilla fyrirtækja. Því er afar brýnt að á Íslandi verði aðstæður þannig að það sé til hags fyrir fólk að leggja sig fram og ná árangri. Á þessu grunnstefi hefur framþróun ávallt byggst og verið leiðarljós í starfi Viðskiptaráðs síðastliðin 95 ár. Heilbrigt og kraftmikið atvinnulíf skapar verðmæti og lífskjör og er hreyfiaflið sem knýr velferðarkerfið sem Íslendingar gera sjálfsgæða kröfu um. Þetta samhengi er efni Viðskiptaþings 2012 „*Hvers virði er atvinnulíf?*“ og verður þungamiðjan í starfi ráðsins á næstu misserum.

Til stuðnings þeirri vinnu nýtur Viðskiptaráð Íslands krafta fjölda félaga sem deila þeirri grunnsýn að frjáls viðskipti og framtak séu mikilvægustu stoðir heilbrigðs samfélags sem stendur undir góðum lífskjörum. Þeim þökkum við stuðninginn, nú og til framtíðar, og minnum á fleyg orð Jóns Sigurðssonar forseta:

„*Verslunin er undirrot til velmeunar lands og lýðs, þegar hún er frjáls.*“

 formaður
 framkvæmdastjóri



Heiðursfélagar Viðskiptaráðs útnefndir af stjórn árið 2012

Davíð Scheving Thorsteinsson
fæddur 1930

Haraldur Sveinsson
fæddur 1925

Hjalti Geir Kristjánsson
fæddur 1926

Jóhann J. Ólafsson
fæddur 1935

Ragnar S. Halldórsson
fæddur 1929

VIÐSKIPTARÁÐ Í 95 ÁR

Upphafið

Saga Viðskiptaráðs Íslands (áður Verslunaráð Íslands) er samofin sögu verslunar og viðskipta hér á landi. Ráðið var stofnað 17. september 1917 í KFUM húsinu við Amtmannsstíg. Eins og fram kom í frétt á forsiðu Morgunblaðsins þann 19. september sama ár var boðað til stofnfundarinnar til að koma á „**fulltrúaráði fyrir verslun, iðnað og siglingar**“. Forveri ráðsins var Kaupmannaráð Reykjavíkur sem stofnað var árið 1914. Að fundinum stóðu 73 einstaklingar og fyrirtæki, en síðar bættust fleiri í hópinn og teljast stofnendur ráðsins vera 156 talsins.



Á þeim tíma er ráðið var stofnað var fyrir heimstýrjöldinn en í algleymingi, með þeirri eynd og eyðileggingu sem henni fylgdi. Svart þá einnig að Íslendingum, þótt þeir tækju ekki beinan þátt í stríðinu. Þetta átti ekki síst við á sviði verslunar og viðskipta. Þannig var stofnun ráðsins einnig



„Elztu heildarsamtök kaupsýslumanna á landinu eru V.Í. og beinn arftaki gamla Kaupmannafélagsins, sem reyndist of þröngur félagsskapur, þegar verslun og viðskipti tóku að þróast hér í sömu átt og áður hafði gerzt meðal nágrannabjóða vorra.“

Úr ársskýrslu Verslunarráðs Íslands 1952

tilraun verslunarstéttarinnar til að leysa þau vandamál sem styrjöldinni fylgdu.

Starfsemin eftir seinni heimsstyrjöld

Á árunum eftir seinni heimsstyrjöld fóru verkefni ráðsins að snúast meira að efnahagsmálum, bankamálum, verðlagsmálum, utanríkisviðskiptum, gjaldreyrismálum og skattamálum. Mikið var unnið í verðlagsmálum og ítrekaði Viðskiptaráð reglulega við yfirvöld kröfu sína um frjálsa verðmyndun til að heilbrigð samkeppni fengi að ráða vöruverði og þjónustu við almenning. Þá barðist ráðið ötullega gegn ríkiseinkasölu sem lengi vel tíðkaðist í ýmsum vöruflokkum, m.a. viðtækjum, raftækjum, eldspýtum og bifreiðum. Forsvarsmenn ráðsins töldu að með frjálsri verslun mætti stuðla að bættri þjónustu við almenning í landinu, auknu úrvali og lægra verði, hvort sem um væri að ræða viðskipti innanlands eða í viðskiptum við útlönd.

Þá nýttu meðlimir Viðskiptaráðs sér reglulega upplýsingaskrifstofu ráðsins ásamt erlendum viðskiptaskrárum sem finna mátti á bókasafni ráðsins. Jafnframt aðstoðaði skrifstofa þess erlenda kaupsýslumenn sem komu til landsins og erlend sendiráð m.a. með því að veita þeim upplýsingar um íslenskt atvinnulíf. Í gegnum tíðina hefur ráðið einnig stuðlað að heim söknum erlendra fyrirlesara til að kynna félögum straua og stefnur í viðskiptalífi annars staðar í heiminum. Þeir gestir hafa m.a. verið fulltrúar norrænna viðskiptaráða, evrópskir og bandarískir hagfræðingar ásamt fulltrúum stofnanna á borð við OECD.

Viðskiptaráð hefur frá upphafi verið vettvangur félaga, einstaklinga og fyrirtækja í atvinnurekstri, óháð starfsgreinum eða stærð. Í því felst einmitt styrkur ráðsins. Í 95 ára sögu þess hafa margir mætir einstaklingar komið að störfum þess og líklegt að svo verði um ókomna tíð.

Velgjörðamenn ráðsins

Viðskiptaráð Íslands hefur átt margt velgjörðamenn í gegnum tíðina. Þar hafa fái lagt meira af mörkum en hjónin Hallfríður Proppé og Páll Stefánsson frá Þverá í Aðaldal. Í janúar árið 1953 var fulltrúum ráðsins skýrt frá því að þau hjónin hefðu ákveðið að ánafa ráðinu allar eigur sínar eftir sinn dag.

Í erfðaskrá hjónanna kom fram að allar skuldlausar eignir dánarbúsins skyldu ganga til ráðsins og þar með stofnaður sjóður er nefnist Sjóður Fríðu Proppé og P. Stefánssonar frá Þverá. Tilgangur sjóðsins er að efla hag íslenskrar viðskiptastéttar, vernda rétt hennar, efla frjáls viðskipti og vinna gegn hvers konar ófrelsi, ríkiseinkasölu og sérréttindum einstakra fyrirtækja. Úr sjóðnum er árlega veittur námsstyrkur og leggur Viðskiptaráð fram annan jafnan styrk úr eigin sjóðum.

Heiðursfélagar

Á þúsundasta fundi stjórnar Viðskiptaráðs í október árið 1958 var ákveðið að gera Garðar Gíslason, stórkaupmann og fyrsta formann ráðsins, að heiðursfélagi þess. Þá var Egill Guttormsson gerður að heiðursfélagi á 50 ára afmæli Viðskiptaráðs í september 1967. Egill var fyrsti formaður bankaráðs Verslunarbancans, einnig var hann formaður skólanefndar Verslunarskóla Íslands, formaður VR um langa hríð ásamt því að sitja í stjórn Viðskiptaráðs.

Húsakostur

Skrifstofur Viðskiptaráðs hafa verið staðsettar víðsvegar í miðborg Reykjavíkur, en fyrsta skrifstofa ráðsins var í Kirkjustræti 8b, þar sem nú eru skrifstofur Alþingis. Þá var ráðið í mörg ár til húsa á efstu hæð Eimskipafélagshússins við Pósthússtræti. Árið 1947 tók ráðið á leigu eina hæð í húsinu Þórshamri við Templarasund sem þóttu rúmgóð og vistleg húsakynni í samræmi við vaxandi umsvif ráðsins. Þá var Viðskiptaráð einnig um tíma til húsa í Austurstræti 16 (þá Pósthússtræti 7). Um miðjan sjötta áratuginn keypti ráðið húseign þeirra hjóna við Laufásveg 36 og varð andvirði hússins stofnfé minningarsjóðs Fríðu og Páls. Ráðið flutti síðan skrifstofur sínar þangað árið 1962. Fríða Proppé bjó á efri hæð hússins þar til hún lést um vorið 1965.



Verslunin Brynja | Brynjólfur Björnsson framkvæmdastjóri

Endurbuygging og viðhald á gömlum húsum hefur aukist mikið en við höfum lengi sinnt þeim markaði og þessi viðskipti hafa vaxið. Við höfum líka alla tíð verið með mikinn eigin innflutning og getað boðið upp á sérvöru og það hefur orðið aukning í því.

Þar að auki stendur Brynja á traustum grunni og hefur þjónað mörgum kynslóðum eftir 92 ára starfsemi við Laugavegin.



Fyrir um 30 árum, þann 12. júlí 1982, flutti Viðskiptaráð starfsemi sína frá Laufásvegi yfir í Hús verslunarinnar og var fyrst eigenda til að flytja inn í húsið. Tildrög byggingar Húss verslunarinnar má rekja allt aftur til ráðstefnu sem haldin var á Höfn í Hornafirði árið 1971. Fyrstu skóflustunguna að húsinu tók Hjörtur Hjartarson fyrrum formaður ráðsins og formaður byggingarnefndar hússins árið 1976, en þá var Gísli V. Einarsson formaður ráðsins. Húsinu var valinn staður á lóð í Kringlumýrinni á svæði sem kallað var „nýi miðbærinn“, þar sem síðar hefur

m.a. Kringlan og Borgarleikhúsið. Aðstaða á nýrri skrifstofu ráðsins gjörbreyttist við flutninginn, þó fyrra húsnæði hafi verið yfirgefið með nokkrum söknuði vegna fegurðar og sögulegra tengsla.

Ásýnd ráðsins

Ráðið eignaðist félagsmerki árið 1925 og í byrjun árs 1926 var það sett í haus Verslunartíðinda, mánaðarris ráðsins. Núverandi merki ráðsins var tekið í notkun á 65 ára afmæli ráðsins en það minnir á blómið, sem táknar vöxt og eld, sem er

tákn frelsis. Merkið þótti vel við hæfi þar sem Viðskiptaráð hefur í gegnum árin verið kyndilberi frjálsra atvinnuhátta og vill ennfremur stuðla að vexti og grósku í atvinnulífi landsmanna.

Í september árið 2005 var ákveðið að breyta nafni Verslunarráðs Íslands í Viðskiptaráð Íslands. Undangenginn áratug hafði orðið mikil breyting á íslensku viðskiptaumhverfi, en aukin fjölbreytni fyrirtækja innan ráðsins einkenndi umfram annað þá breytingu.

Meðal verkefna Viðskiptaráðs í 95 ár

Tók að sér stjórn Verslunarskóla Íslands árið 1922 og hefur verið bakhjarl skólans allar götur síðan

Stofnaðili Háskólans í Reykjavík og einn af bakhjörum hans í dag

Kom að stofnun upplýsinga- og innheimtuskrifstofu fyrir kaupsýslumenn árið 1928, sem síðar varð hluti af Creditinfo

Stofnandi Kaupþings Reykjavíkur árið 1921, forvera Kauphallarinnar

Aðstoðaði við að semja fyrsta frumvarp laga um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum

Stuðlaði að stofnun Verslunarbancans Íslands hf. og Tollvörugeymslunnar hf.

Hefur annast útgáfu og eftirfylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti frá árinu 2003

Kortlagði í fyrsta skipti á Íslandi umfang lítilla og meðalstórra fyrirtækja í hagkerfinu árið 2009

Stendur ár hvert fyrir mælingum á samkeppnishæfni Íslands í samstarfi við IMD viðskiptaháskólann í Sviss

STÖRF STJÓRNAR OG MÁLEFNAHÓPA

Áhrif á málefna starf ráðsins

Stjórn Viðskiptaráðs fer með æðsta vald í málefnum Viðskiptaráðs á milli aðalfunda. Stjórn er kosin á aðalfundi ráðsins sem haldinn er annað hvert ár og hana skipa 18 manns auk formanns. Nítján varamenn sitja í varastjórn, þeir eru boðaðir á stjórnarfundum og hafa þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Alls eru því 38 fulltrúar aðildarfyrirtækja sem hafa aðgang að fundum stjórnar Viðskiptaráðs.

Löng hefð er fyrir því að halda stjórnarfundum fyrsta mánudag hvers mánaðar að júlí og ágúst undanskildum. Á fundunum eru ýmis mál tengd atvinnulífinu rædd auk almennra stefnumála Viðskiptaráðs. Stjórn markar stefnu Viðskiptaráðs á hverjum tíma og hefur hún m.a. yfirumsjón með störfum skrifstofu ráðsins. Framkvæmdastjórn skipa formaður stjórnar, auk fjögurra fulltrúa og tveggja til vara sem kosnir eru úr aðalstjórn Viðskiptaráðs.

Málefna hópar

Til að endurspeglar raddir sem flestra aðildarfélagar leitar ráðið reglulega til fulltrúa þeirra í málefnavinnu sinni. Fyrir stærri verkefni, líkt og Viðskiptaþing, skýrslugerð eða stórar ályktanir hefur Viðskiptaráð stofnað vinnu- og rýnihópa í þessum tilgangi. Eftir aðalfund ráðsins 2010 skipaði stjórnin málefna hópa, sem í sitja stjórnarmenn, og hafa þessir hópar markað stefnu í mismunandi viðfangsefnum síðastliðin tvö ár. Þessir hópar eru þrír og fjalla um:

- Sjálfbærni atvinnulífsins
- Umhverfi til nýsköpunar
- Áherslur í efnahagsmálum

Nefndarseta og samstarf við fjölda aðila Starfsfólk, stjórnarmenn og félagar Viðskiptaráðs hafa síðastliðin ár tekið á móti fjölda gesta, innlendra og erlendra, og setið í fjölmörgum nefndum og vinnuhópum um ýmis málefni. Hér má sjá stutt yfirlit helstu atriði þeirrar vinnu:

Seta í nefnd á vegum Seðlabanka Íslands í tengslum við stöðu gjaldeyrismarkaðar.

Samstarf við Creditinfo um upplýsingaöflun og eftirfylgni, m.a. í tengslum við alþjóðleg greiðslufallstryggingarfélag

Seta í háskólaráði HR og lögfræðiráðgjöf fyrir skólann m.a. í tengslum við fyrirhugaða hlutafjárhækkun

Samningahópur vegna sameiningar-viðræðna HR og Háskólans á Bifröst



Seta í stjórn Seed Forum

Samstarfshópur Viðskiptaráðs, SA, SFF, bankanna og stjórnvalda um endurskipulagningu fyrirtækja (Beina brautin)

Samstarf við vinnuhóp stjórnvalda um sameiningu ráðuneyta

Samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS): fundir með sendinefndum, skattateymi AGS og fl.

Samstarfshópur SA, Viðskiptaráðs og fjármálaráðuneytis um breytingar á skattalöggjöf

Samstarfshópur SI, Viðskiptaráðs, fjármálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um breytingar á nýsköpunarlögum

Fundir með fulltrúum kröfuhafa íslensku bankanna

Ráðgjafanefnd EFTA

Seta í samnorrænni nefnd um stjórnarhætti fyrirtækja

Samstarfshópur Viðskiptaráðs, SA og Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja

Fulltrúi í síðanefnd SÍA

Samstarf við RSK, Fyrirtækjaskrá og efnahags- og viðskiptaráðuneytið um breytingar á ársreikningalögum



Tilgangurinn með stofnun og starfsemi Verzlunarráðsins var og er að gæta hagsmuna viðskiptalífsins gagnvart stjórnvöldum og efla skilning á mikilvægi verslunar, viðskipta og annarrar atvinnustarfsemi. Í starfi sínu hefur Verzlunarráðið haft það að leiðarljósi, að viðskiptalífinu sé best borgið með frjálstri samkeppni, þannig að kostir einkarekstrar og einkaframtaks fái að njóta sín.

Úr 65 ár afmælisriti Verzlunarráðs Íslands árið 1982.

Á aðalfundi Viðskiptaráðs sem fram fór 17. febrúar 2010 voru kynnt úrslit kosninga til stjórnar ráðsins fyrir tímabilið 2010-2012, kjörsókn var 65% sem var heldur meiri en á aðalfundi þar á undan. Tómas Már Sigurðsson forstjóri Alcoa á Íslandi var kjörinn formaður ráðsins, en hann hafði gegnt stöðu formanns frá október 2009.

Á tímabilinu voru haldnir 18 stjórnarfundir þar sem fjallað var um málefni liðandi stundar en gestir fundanna voru m.a. fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra, seðlabankastjóri, aðalsamningamaður Íslands í viðræðunum við ESB ásamt fjölmörgum fulltrúum úr atvinnulífinu. Meðal umræðuefna á fundum stjórnar var fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja, gjaldeyrishöftin, peningamála-stefnan, aðildarumsókn Íslands að ESB, skattamál og margt fleira.



Af fundi stjórnar Viðskiptaráðs 2010-2012

Stjórn Viðskiptaráðs 2010-2012

Aðalmenn

Tómas Már Sigurðsson, Alcoa á Íslandi, formaður
Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Ásbjörn Gíslason, Samskip
Björgólfur Jóhannsson, Icelandair Group
Eggert Benedikt Guðmundsson, HB Grandi
Halla Tómasdóttir, Auður Capital
Hilmar Veigar Pétursson, CCP
Hrund Rudolfsdóttir, Marel
Hörður Arnarson, Landsvirkjun
Höskuldur H. Ólafsson, Valitor
Jón Sigurðsson, Össur
Katrín Olga Jóhannsdóttir, Skipti
Katrín Pétursdóttir, Lýsi
Knútur G. Hauksson, Hekla
Margrét Pála Ólafsdóttir, Hjallastefnan
Svava Johansen, NTC
Sævar Freyr Þráinsson, Síminn
Úlfar Steindórsson, Toyota á Íslandi
Þórður Magnússon, Eyrir Invest

Varamenn

Ari Edwald, 365-miðlar
Brynja Halldórsdóttir, Norvik
Egill Jóhannsson, Brimborg
Einar Örn Ólafsson, Skeljungur
Eyjólfur Árni Rafnsson, Mannvit
Gestur G. Gestsson, Skýrr
Guðmundur Kristjánsson, Brim
Gunnar Karl Guðmundsson, MP Banki
Gunnar Sturluson, LOGOS
Hildur Árnadóttir, Bakkavör Group
Hreggviður Jónsson, Veritas Capital
Ingunn Elín Sveinsdóttir, N1
Kristján Loftsson, Hvalur
Lárus Ásgeirsson, Sjóvá Almennar tryggingar
Ragnar Guðmundsson, Norðurál
Rakel Sveinsdóttir, Creditinfo Group
Svanbjörn Thoroddsen, KPMG
Þórður Sverrisson, Nýherji

Þá átti sæti í stjórn Þórður Friðjónsson, þáverandi forstjóri NASDAQ OMX á Íslandi, sem lést á árinu 2011.

Þórður var öflugur samherji sem fékk miklu áorkað í þágu Íslensks samfélags.

Á listanum eru tilgreind þau fyrirtæki sem stjórnarmenn voru kjörnir fyrir árið 2010. Viðskiptaráð Íslands þakkar stjórnarmönnum mikilvægt framlag til starfsemi ráðsins og býður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

VIÐSKIPTAÞING 2010 & 2011

Vettvangur skoðanaskipta

Viðskiptaþing hefur um árabíl verið mikilvægur vettvangur skoðanaskipta um þróun og horfur í efnahagslífi og viðskiptum innanlands sem utan. Á Viðskiptaþingum síðustu tveggja ára hefur verið fjallað um uppbyggingu íslensks atvinnulífs ásamt samkeppnishæfni og rekstrarumhverfi hér á landi.



Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf?

Á Viðskiptaþingi 2010 var leitast við að endurspeglar viðhorf atvinnulífs til rekstrarumhverfis íslenskra fyrirtækja og þeirra vandamála sem hefur þurft og þarf enn að takast á við. Þingið var haldið undir yfirskriftinni „Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf? - Samkeppnishæfni og rekstrarumhverfi“. Gerð var stutt grein fyrir helstu einkennum heilbrigðs umhverfis atvinnulífs en í meginráttum var fjallað um bágbornar rekstraraðstæður hérlendis og mögulegar úrbætur.

Aðalræðumaður þingsins var Dr. Richard Vietor prófessor við Harvard Business School og fjallaði hann í erindi sínu um uppbyggingu efnahagsáætlana sem miða að samkeppnishæfni þjóða. Að vanda fluttu ræðu formaður ráðsins, Tómas Már Sigurðsson, og forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, sem í máli sínu lagði áherslu á að skapa þyrfti traust og trú á framtíðina og að nálgast þyrfti erfið verkefni með jákvæðu hugarfari. Tómas minnti í ræðu

sinni á að stjórnvöld geti haft afgerandi áhrif á hvata fólks, fjármagns og fyrirtækja til að velja Ísland fram yfir önnur lönd með því að bjóða upp á hagfellt skattaumhverfi, halda umsvifum hins opinbera innan skynsamlegra og sjálfbærra marka og efla innviði samfélagsins. Lausnir sem farnar eru til að leysa skuldavanda og rekstrarhalla ríkissjóðs muni ákvarða samkeppnishæfni íslensks hagkerfis til framtíðar.

Fulltrúar íslensks atvinnulífs tóku þátt í pallborðsumræðum um málefni þingsins undir stjórn Eggerts Benedikts Guðmundssonar, forstjóra HB Granda. Þátttakendurnir komu víða að og gáfu þau góða innsýn í ástand og áskoranir íslensks atvinnulífs.



Tökumst á við tækifærin

Umfjöllunarefni Viðskiptaþings 2011 voru þau fjölbreyttu tækifæri sem eru fyrir hendi og byggja á grunnstoðum íslensks atvinnulífs og samhengi atvinnugreina. Breiður hópur forsvarsmanna úr atvinnulífinu lagði umræðunni lið og fjallaði um tækifærin og hvernig einstaklingar og fyrirtæki geti nýtt þau til sköpunar verðmæta. Þrjú „trío“ ræðumanna stigu í pontu og ræddu hvert um mismunandi þemu sem voru náttúran, orkan og hafið.



Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, fjallaði í ræðu sinni um stöðu efnahagslífsins og mikilvægi þess að horfa fram á veg. Formaður ráðsins, Tómas Már Sigurðsson, sagði í ræðu sinni að það dyldest engum hversu mikið verkefni það væri að ná tökum á stjórn efnahagsmála eftir fall Íslensku bankanna. Uppgjör við eftirmála þess væri forsenda þess að ná samfélagslegri sátt sem byggjandi væri á. Tvö ár hafi verið nýtt til uppgjors og þó baksýnispegillinn væri ágætt verkfæri væri það sem sést út um framrúðuna þó mikilvægara. Það sem mestu skipti væri að koma vélinni í gang, en til þess þyrfti að leysa úr fjölmörgum viðfangsefnum.

Í skýrslu sem kynnt var á Viðskiptaþingi 2011 var lagt til að neðangreindar fimm áherslur yrðu hafðar að leiðarljósi við uppbyggingu og endurreisn hagkerfisins úr því kreppuástandi sem ríkt hefur. Stefna ætti að:

1. því að Ísland verði fyrirmynd annarra landa um góða stjórnarhætti viðskiptalífs og hins opinbera
2. auknum fjölda starfa í einkageiranum
3. auknu framboði vinnuafis til einkageirans



SagaMedica | Perla Björk Egilsdóttir markaðsstjóri

Hér á landi eru fyrir hendi mikilvægar forsendur og tækifæri til að skapa verðmæti úr rannsóknar- og þróunarstarfi á heilbrigðisviði og ýmis tækifæri liggja í þróun á hagkvæmum og verðmætum lausnum sem eiga erindi á alþjóðlega markaði.

Frumskilyrði fyrir atvinnulífið í heild er að mínu mati stöðugleiki í þeim ytri þáttum sem hvað mest áhrif hafa á rekstrarumhverfið.

4. alþjóðlega samkeppnishæfu rekstrarumhverfi fyrirtækja 5. stöðugt aukinni skilvirkni í nýtingu opinberra fjármuna

Áherslurnar voru útfærðar nánar í skýrslunni en megin skilaboð hennar voru að eins og í öllum öðrum tilvikum þar sem hagkerfi rísa úr kreppu, er það eingöngu gert á forsendum atvinnurekstrar og frjáls framtaks sem skapar verðmæti sem um leið efla lífsgæði og velferð.

Námsstyrkir

Það er löng hefð fyrir því á Viðskiptaþingi að veita styrki úr námssjóðum Viðskiptaráðs. Á þinginu 2011 voru fimm efnilegum námsmönnum veittir styrkir að fjárhæð 400 þúsund, en fjórir neman hlutu styrki að fjárhæð 300 þúsund krónur árið 2010. Styrkirnir eru veittir námsmönnum í framhaldsnámi á háskólastigi erlendis í greinum sem tengjast atvinnulífinu með beinum hætti. Framkvæmdastjórn Viðskiptaráðs velur hluta umsækjenda á móti ráðgjafanefnd námssjóðs Viðskiptaráðs um upplýsingatækni.

Styrkþegar 2010 voru:

Arnar Birgisson doktorsnemi í tölvunarfræði við Chalmers Tækniháskólann í Gautaborg, Hrefna Lind Ásgeirsdóttir meistaranemi í stafrænni hönnun við Háskólann í Edinborg, Linda Rós Birgisdóttir meistaranemi í heilbrigðisverkfræði við Imperial College í London og Victor Knútur Victorsson doktorsnemi í byggingarverk- og jarðskjálftaverkfræði við Stanford University í Bandaríkjunum.

Styrkþegar 2011 voru:

Bjarni J. Vilhjálmsson doktorsnemi í lífupplýsingatækni við University of Southern California, Bjarni Már Magnússon doktorsnemi í þjóðarétti við Edinborgarháskóla, Ingibjörg Kristinsdóttir mastersnemi í Human-Computer Interaction við Kungliga Tekniska Högskolan í Svíþjóð, Ólafur Haraldsson mastersnemi í gagnvirkri hönnun við Kolding School of Design í Jótlandi og Þórdís Anna Oddsdóttir doktorsnemi í Management Engineering í Danmarks Tekniske Universitet (DTU) í Kaupmannahöfn.



„Í lögum Verzlunarráðsins er ákveðið, að boða skuli til Viðskiptaþings Verzlunarráðsins annað hvort ár, þegar aðalfundur Verzlunarráðs er ekki haldinn. Viðskiptaþinginu er sérstaklega ætlað að marka stefnuna í þeim málaflokkum sem Verzlunarráðið fæst við“

Um Viðskiptaþing í 60 ára afmælisriti ráðsins 1977.

SJÁLFBÆRNI ATVINNULÍFS

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis nýtt til umbóta
Í framhaldi af útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis í apríl 2010 var ákveðið að boða til Umbótáþings meðal félaga Viðskiptaráðs í júní sama ár. Skýrslan gagnrýndi íslenskt viðskiptalíf, stjórnýslu og eftirlitsstofnanir, þar með talið vissa þætti í starfsemi og útgáfu Viðskiptaráðs Íslands á árunum fyrir hrun. Með skýrslunni gafst tækifæri til uppgjörs við mistök fortíðar og lagði hún jafnframt grunn að langþráðum kaflaskilum í íslensku samfélagi. Umbótáþingið þótti vel heppnað, en tæplega 100 manns úr breiðum hópi félaga Viðskiptaráðs sóttu þingið.



Umbætur fyrir íslenskt viðskiptalíf

Á þinginu kom fram fjöldi ábendinga um brotalamir og hugmyndir að úrbótum, sem þátttakendur færðu í sameiningu í fjölbreyttar tillögur að verkefnum fyrir viðskiptalífið. Auk þess sem félögum gafst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum um nauðsynlegar úrbætur á framfæri þá fólu þeir Viðskiptaráði margvísleg hlutverk við framkvæmd þessara verkefna. Niðurstöður þess hafa sett mark sitt á starf Viðskiptaráðs síðustu misseri og á sama tíma veitt stjórn ráðsins leiðsögn um helstu áherslur. Málefnaþópar stjórnar ráðsins sem fjalla um sjálfbærni atvinnulífs, nýsköpun og efnahagsmál hafa m.a. unnið áfram með þær tillögur sem fram komu.

Staða samkeppnismála

Nokkrar tillögur Umbótáþingsins vörðuðu nauðsyn þess að efla virka samkeppni. Þetta var m.a. til umfjöllunar á ráðstefnu sem fram fór í Hörpu í maí 2011. Þar var fjallað um markaðsráðandi stöðu og beitingu samkeppnislaga, úrræði Samkeppniseftirlitsins og með hvaða hætti brot eru metin. Auk Viðskiptaráðs stóðu að ráðstefnunni Háskólinn í Reykjavík, LEX lögmannsstofa og LOGOS lögmannsþjónusta. Framsögumenn á fundinum voru Richard Whish, prófessor við King's College í London, Simen Karlsen, yfirhagfræðingur hjá Copenhagen Economics og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.



Hjallastefnan | Margrét Pála Ólafsdóttir fræðslustjóri

Stóraukin áhersla á nýsköpun og frumkvæði á öllum skólastigum og öllum menntunarsviðum er stærsta tækifærið og um leið það brýnasta.

Aukin menntun margfaldar hæfni samfélagsins til verðmætasköpunar og stytting grunnnámsins sparar fé sem getur nýst sem sprengikraftur í sérnámi á öllum sviðum. Einmitt núna er tími fyrir byltingu í mentakerfinu.

Efnahagsleg greining samkeppnislaga brota til bóta

Talsverð umræða fór fram á ráðstefnunni um verklag samkeppniseftirlits víðs vegar um heim við mat á samkeppnislaga brotum og þróun þar á. Síðustu ár hefur vægi efnahagslegrar greiningar á afleiðingum brota aukist umtalsvert. Meðal annars sem fram kom var að mikilvægt væri að viðhalda virkri samkeppni á öllum mörkuðum hér á landi, sérstaklega í ljósi yfirstandandi þrenginga enda myndi virk samkeppni stuðla að hraðari efnahagsbata.



Kallað eftir bættu viðskiptasiðferði

Þá er enn fremur ekki nægilega hugað að siðferði í viðskiptalífi hér á landi, að mati íslenskra stjórnenda. Þetta kom fram í niðurstöðum könnunar Þratar Olafs Sigurjónssonar, lektors við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, sem kynnt var á morgunverðarfundum sem fram fór í HR í október 2011. Fundurinn var haldinn af Viðskiptaráði Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Lögmannafélagi Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Almenn höfðu þátttakendur í könnuninni trú á ágæti siðferðis innan eigin fyrirtækis en höfðu á sama tíma neikvæðari sýn á önnur fyrirtæki og utanaðkomandi aðila. Könnunin var framkvæmd á meðal tæplega 500 íslenskra stjórnenda og kannaði hug þeirra til breytinga á siðferði í viðskiptum undangengin þrjú ár.

Mikilvægt að undirbúa jarðveginn


Róbert H. Haraldsson prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands flutti, auk Þratar, erindi á fundinum og ræddi nálgun á kennslu í siðfræði hér á landi. Í pallborðsumræðum kom fram að siðfræði almennt og viðskiptasiðfræði glíma við ólík viðfangsefni þar sem vandamál og hagsmunaaðilar eru aðrir. Þá var enn fremur rætt um kennslu í

faginu á mismunandi skólastigum og komu fram vangaveltur um hvort vandamálið væri að við byrjuðum of seint kennslu í faginu eða hvort við hættum einfaldlega of snemma. Mikilvægt er að undirbúa jarðveginn en á sama tíma má ekki gleyma að minna stjórnendur reglulega á mikilvægi góðs siðferðis í viðskiptum.



Á síðustu árum höfum við Íslendingar ekki skapað okkur frægð fyrir að horfa fram í tímann eða vera farsælir skipuleggjendur. Við höfum á alltof mörgum sviðum látið hverjum degi nægja sína þjáningu og treyst á Guð og lukkuna.

Úr setningaræðu Viðskiptaþings 1985, sem haldið var undir yfirskriftinni: Ísland framtíðarinnar - land tækifæra eða stöðunar?



GA Smíðajárn | Anna Jóhanna Guðmundsdóttir forstjóri

Ég myndi vilja sjá skattabyrði létt af fyrirtækjum og að lífi verði blásið í framkvæmdir svo auðveldara verði að ráða fólk til starfa. Fyrirtækið okkar hefur eins og önnur fyrirtæki á krepputímum þurft að hagræða og leita nýrra tækifæra, en það sem við þurfum nú er uppbygging en ekki stöðnun.

Rekstrarumhverfi þarf að byggjast á varanlegum og góðum rekstri fyrirtækja og því þarf að tryggja grundvöll stöðugleika en ekki óvissu, eins og er í dag.

SKATTAMÁL

Viðamiklar breytingar á skattkerfinu

Skattamál hafa verið í brennidepli síðustu þrjú ár. Umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á íslensku skattkerfi á tímabilinu, en sem stendur eru rúmlega 100 sem fela í sér hæri eða nýja skatta. Skattkerfinu hefur því í raun verið umturnað frá því sem áður var. Í viðleitni til að veita áhugasömum aðilum yfirsýn yfir stöðu mála hefur Viðskiptaráð gefið reglulega út yfirlit yfir þessar helstu breytingar.

Örar skattabreytingar hafa skapað verulega óvissu fyrir þá sem standa í rekstri og leitt til þess að fólk og fyrirtæki hafa haldið að sér höndum þegar kemur að framtakssemi og fjárfestingu. Þrátt fyrir að nauðsynlegt hafi verið fyrir ríkissjóð að ráðast í tekjuöflun eftir hrun, þá hafa skattar hækkað alltof mikið og skattkerfið verið flækt til muna með tilkomu nýrra skatta, fjölda frádráttarliða og tæknilegra skattkerfisbreytinga sem hafa lítil sem engin tekjuöflunaráhrif fyrir ríkissjóð.

Nóg komið af skattahækkunum

Undanfarin ár hafa Deloitte, Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og viðskiptablað Morgunblaðsins staðið fyrir skattadegi í janúar. Á skattadeginum 2010 kom fram í máli fjármálaráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, að áframhaldandi endurskoðun á skattkerfinu myndi

eiga sér stað. Fyrirsjáanlegar væru viðamiklar breytingar en þær yrðu gerðar í samráði við þingflokka, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunaaðila. Þá sagði ráðherra jafnframt að í yfirstandandi breytingum yrði áhersla lögð á blandaða leið þar sem, að sögn ráðherra, talsvert mið væri tekið af félagslegu réttlæti skattkerfis fremur en einfaldleika.

Mikilvægt að draga úr ríkisútgjöldum

Á fundinum minntu fulltrúar atvinnulífsins á að ekki væri skynsamlegt að hækka skatta á fallandi skattstofna líkt og stefna stjórnvalda gerði ráð fyrir, né heldur að leggja aukinn kostnað á atvinnulífið, undir yfirskrift ímyndaðs réttlætis, sem skili engum skatttekjum. Eina sjáanlega leiðin út úr kreppunni væri hagvöxtur, sem helst mætti ná fram með aukinni framleiðni og tækniframförum, fjárfestingu í atvinnurekstri og skilvirkari nýtingu vinnuafis. Þær skattabreytingar sem stjórnvöld hefðu ráðist í fram að þessum tíma, ynnu gegn öllum þessum þáttum og væru því ekki líklegar til að skila árangri. Nærtækara hefði verið að draga frekar úr umsvifum hins opinbera en að hækka skatta.

Skýrsla: Skattkerfi atvinnulífsins

Til að skerpa á umræðunni um áhrif fjölda tæknilegra skattabreytinga á gangverk atvinnulífsins stóðu Viðskiptaráð



Við vinnum nú 5 1/2 mánuð, þ.e. frá janúar fram í miðjan júní til þess að fjármagna rekstur og umsvif hins opinbera, sem lætur sér ekkert óviðkomandi. Árið 1967 var 1 maður í þjónustu hins opinbera fyrir hverja 7 í þjónustu atvinnuveganna. Tíu árum síðar er 1 maður í þjónustu hins opinbera fyrir hverja 4 hjá atvinnuvegunum.

Úr ræðu formanns Verzlunarráðs á Viðskiptabingi 1981



Skattkerfið fært áratugi aftur í tímann í tilefni útgáfunnar efndu samtökin til opins morgunverðarfundar í september 2010. Fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, brást við tillögum skýrslunnar á fundinum og lýsti hann sig jafnframt reiðubúinn til að endurskoða sumar þeirra breytinga sem höfðu verið innleiddar - hafi þær verið misráðnar eða ef aðrar leiðir væru betri til að ná settum markmiðum. Á fundinum kom enn fremur fram að atvinnulífið hafi gert sér fulla grein fyrir þörf ríkisins á skattahækkunum á árunum 2009 og 2010, en að engan hafði grunað að ríkisstjórnin myndi færa skattkerfið áratugi aftur í tímann eins og raunin varð.

Áhugi á skattamálum til marks um áhyggjur af skattkerfinu

Á skattadegi ársins 2011 komust færri gestir að en vildu. Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Finnur Oddsson, fjallaði um þennan mikla áhuga í erindi sínu: „Það er ekki gott að mikill áhugi sé á skattamálum, það er til marks um hversu margir deila nú áhyggjum af skattkerfinu“. Hann kom einnig inn á mikilvægi samráðs við sem flesta hagsmunaaðila um eins viðamiklar

og Samtök atvinnulífsins saman að útgáfu skýrslu um efnið á haustmánuðum 2010. Að skýrslunni kom fjöldi sérfræðinga á sviði skattamála en skýrslan hafði að geyma 21 tillögu að umbótum á skattkerfinu sem miðuðu að því að efla fjárfestingu, stuðla að sköpun nýrra starfa og bæta lífskjör landsmanna.

breytingar á skattkerfinu og hafa átt sér stað undanfarin tvö árin, en benti á að slíku samráði hafi því miður verið verulega ábótavant.

Hækkanir óumflýjanlegar að mati fjármálaráðherra

Fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, setti fundinn og taldi hann mikinn árangur hafa náðst í því að halda opinberum stofnunum innan viðmiðunarmarka fjárlaga. Jafnframt væru hækkanir á sköttum hluti af óumflýjanlegum aðgerðum, en hann fagnaði þó allri umræðu um skatta og skattalagabreytingar.

Á fundinum var komið aftur inn á þær tillögur sem lagðar voru fram í sameiginlegri skattaskýrslu Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins, en stjórnvöld höfðu þá einungis tekið tillit til 4 tillagna af 21. Að lokum ræddi Finnur þá staðreynd að skattkerfi hafa áhrif á breytni fólks og fyrirtækja. Vandí okkar væri sá að kraftarnir sem stýra hegðun fólks og fyrirtækja eru orðnir óheilbrigðir uppbyggingu og endurreisn hagkerfis.





Össur | Jón Sigurðsson forstjóri

Ég tel að stækka meg markaði fyrirtækisins með herra tækistigi ásamt því að nýta sölukerfi okkar og dreifileiðir betur með nýjum vörum. Það sem stendur upp úr hjá okkur um þessar mundir er mikill og stöðugur framgangur sem dreifist á margar vörulínur og markaði.

Innganga í ESB myndi, að mínu mati, bæta rekstrarumhverfi atvinnulífs hér á landi en samhliða því ætti að stefna að upptöku evru eins fljótt og hægt er.

FJÁRFESTINGAUMHVERFI OG GJALDEYRISHÖFT

Ástæðulaust að óttast erlenda fjárfestingu

Ísland var árið 2011 í 2. sæti á lista yfir þau aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) sem hafa hvað mestar takmarkanir á beinni fjárfestingu erlendra aðila. Mestu hömlur eru í Kína, en næst á eftir Íslandi koma Rússland og Sádi-Arabía. Það skal því engan undra að erlendir aðilar hafi síðustu ár rekist á hindranir við skoðun á fjárfestingum hérlendis. Miklar umræður hafa skapast um erlenda fjárfestingu í samfélaginu, en framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Finnur Oddsson, sagði m.a. í útvarpsviðtali á Rás 2 um málið: „Það er einhver ástæða fyrir því að flestar þjóðir heims keppast við og leggja verulega mikið í að laða til sín erlenda fjárfestingu. Hún er sú að erlend fjárfesting knýr áfram nýsköpun, hagnöxt og verðmæta- og atvinnusköpun“.

Stefnumótun um erlenda fjárfestingu mikilvæg

Viðskiptaráð hefur stuðlað að virkri umræðu um erlenda fjárfestingu síðustu



tvö ár, en í mars 2010 stóð ráðið fyrir morgunverðarfundum undir yfirskriftinni „Er Ísland opið fyrir fjárfestingu - Frá orðum til athafna“. Þar voru ræddar þær breytingar sem orðið höfðu á íslensku fjárfestingaumhverfi eftir hrun íslensku krónunnar í kjölfar gjaldþrots viðskiptabankanna þriggja árið 2008. Markmið fundarins var að stuðla að opinni umræðu meðal aðila viðskiptalífsins

um fjárfestingaumhverfi á Íslandi í ljósi gjaldeyrishafta.

Í lok desember 2011 stóð Viðskiptaráð, í samstarfi við Íslandsstofu, fyrir morgunverðarfundum um áhrif beinnar erlendar fjárfestingar á endurreisn íslensks hagkerfis og efnahagsþróun til framtíðar. Meðal ræðumanna var Carlos Bronzatto, framkvæmdastjóri World Association of Investment Promotion Agencies (WAIPA), en hann er ráðgefandi við stefnumótun ríkja á sviði erlendra fjárfestinga. Þá kynnti Aðalsteinn Leifsson, lektor við viðskiptadeild HR, skýrslu starfshóps um stefnu stjórnvalda varðandi beina erlenda fjárfestingu á Íslandi, en hann var formaður hópsins. Aðalsteinn kom inn á í máli sínu að lítil stefnumótun hafi átt sér stað hér á landi um beina erlenda fjárfestingu í gegnum tíðina, og því mikilvægt að stjórnvöld marki slíka stefnu til frambúðar.

Höftin hafa umtalsverð áhrif

Gjaldeyrishöftin eru þrándur í götu fjárfestingar hérlendis, en þau hafa nú varað í á fjórða ár. Viðskiptaráð hefur fjallað ítarlega um áhrif þeirra á uppbyggingu atvinnulífs hér á landi, bæði í ræðu og riti. Í desember 2011 kom út skýrsla um efnahagsleg áhrif haftanna ásamt því að tillaga vinnuhóps sérfræðinga úr röðum atvinnulífs og háskóla að nýrri afnámsáætlun var tilkynnt.

Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, kynnti tillögur vinnuhópsins en helstu skref áætlunarinnar eru eftirfarandi:

• **Almennar umbætur á framkvæmd peningastefnunnar:** Lausafjárstyring fjármálakerfisins bætt og gjaldeyrisforði nýttur við jöfnun langtímasveiflna raungengis

• **Innleiðing varúðarreglna:** Reglur um gjaldeyrisjöfnuð hertar, lausafjárkröfur settar í erlendum gjaldmiðlum, erlendar lántökur sveitarfélaga skilyrtar, auknar eiginfjárkröfur gerðar vegna gjaldeyrisáhættu fyrirtækja og heimila og tímabundnar hraðatakmarkanir á erlenda fjárfestingu lífeyrissjóða

• **Útgáfa ríkisskuldabréfs í erlendum gjaldmiðlum:** Gjaldreyrir yrði greiddur með þessum bréfum, þau yrðu gefin út til 20 ára, uppgreiðanleg eftir 5-10 ár, gefin út á markaðsvöxtum og í helstu viðskiptamyntum, sett í viðskiptavakt á alþjóðlegum mörkuðum og andvirði þeirra notað til að greiða aðrar skuldir ríkisins

• **Tímabundnar bremsur á útlæði:** Þak sett á upphæðir sem þrepað yrði upp og útgönguskattur lagður á sem yrði þrepaður niður

Það er von Viðskiptaráðs að umræðan sem skapast um efni skýrslunnar og tillögur vinnuhóps um nýja og markvissari áætlun um afnám gjaldeyrishafta verði til þess að íslenskt efnahagslíf losni sem fyrst úr viðjum gjaldeyrishafta. Það yrði stór áfangi á vegferð til heilbrigðara rekstrarumhverfis fyrirtækja og betri lífskjara fyrir þá sem Ísland byggja.

Höftin, fjárfestingar og Kauphöllin

Það er ekki síst fyrir möguleika á uppbyggingu virks verðbréfamarkaðar á Íslandi sem mikilvægt er að afnema gjaldeyrishöftin. Áhugi er fyrir skráningu fyrirtækja í Kauphöllina um þessar mundir en fyrsta félagið sem skráð var frá falli bankanna var tekið til viðskipta undir lok ársins 2011.

Á fundi Deloitte, Viðskiptaráðs og Kauphallarinnar sem fram fór í Turninum í nóvember 2011 fjallaði Magnús Harðarson, aðstoðarforstjóri Kauphallarinnar, um hvaða

fyrirtæki ættu erindi á markað. Einfalda svarið sagði hann vera metnaðarfull fyrirtæki sem eru reiðubúin að taka á sig skráningaskilyrði, eru með innra skipulag og stjórnarhætti í lagi og endurspeglu efnahagslífið.

Eins og kemur þó fram í áður nefndri skýrslu Viðskiptaráðs gera höftin það engu að síður að verkum að íslensk félög geta ekki sótt nýtt hlutafé í Kauphöllina til að fjármagna erlenda starfsemi. Hlutabréfamarkaðurinn er því gagnlítill fyrir sum félög, en ætla má að umsókn Össurar hf. um afskráningu úr Kauphöllinni sé að hluta til komin til vegna þessa.



Aðalfundur V.Í. 1965 itrekar tilmæli til ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands um, að öllum viðskiptabönkum landsins verði veitt heimild til að verzla með erlendum gjaldeyri. Fundurinn telur það ekki samrýmast frjálsum viðskiptaháttum að binda slíka heimild við tvo ríkisbanka.

Úr ársskýrslu Verzlunarráðs Íslands 1965-66

EFNAHAGSMÁL

Icesave í brennidepli

Allt frá bankahruni hefur mikil umræða átt sér stað um ríkisábyrgð á skuldbindingum vegna Icesave innlánsreikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Tvívegis hefur málið farið í þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að lög hafa verið samþykkt frá Alþingi og er deilan enn óleyst.

Í apríl 2011 fór fram síðari þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave samninginn sem samþykktur var af Alþingi í febrúar sama ár. Umtalsverður árangur hafði náðst miðað við fyrri samninga auk þess sem talið var að betri endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans myndu draga úr mögulegum skuldbindingum ríkissjóðs vegna Icesave. Til að kynna mismunandi sjónarmið í tengslum við samninginn og áhrif hans á efnahagsspróun hér á landi stóð Viðskiptaráð Íslands fyrir opnum upplýsingafundi í vikunni fyrir atkvæðagreiðsluna. Fundurinn var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Samtök lönáðarins og Félag atvinnurekenda.



Samningsbrotamál

Þrátt fyrir betri heimtur, sem líklegt er að dugi fyrir forgangskröfum í bú gamla bankans, hóf ESA samningabrotamál gegn Íslandi. Í kjölfarið fór stofnunin með málið fyrir EFTA-dómstólinn og þar er málið nú til meðferðar. Það var álit Viðskiptaráðs að áframhaldandi óvissa um lyktir Icesave deilunnar væri endurreisn hagkerfisins ekki til framdráttar. Horfa þyrfti fyrst og fremst til þess að kostnaðar sem fylgdi síðasta samningi þjóðanna annars vegar og hins vegar þeirri óvissu og mögulega kostnaði sem gæti fallið á íslenska ríkið færi málið fyrir dómstóla.

Peningamálastefna á krossgötum

Samhliða miklum umræðum um Icesave hefur peningamálastefna Seðlabankans og verklag bankans við haftaefntilrit

fengið talsverða umfjöllun. Á árlegum Peningamálastefnu Viðskiptaráðs í nóvember 2010 fjallaði seðlabankastjóri, Már Guðmundsson, talsvert um áhrif gjaldeyrishafta á framkvæmd peningamálastefnu og hlutverk bankans almennt. Nefndi seðlabankastjóri m.a. að erlendir aðilar fylgdust vel með framgangi Icesave málsins og úrlausn þess gæti haft áhrif á aðgengi fyrirtækja á erlenda lánamarkaði á viðunandi kjörum. Í pallborðsumræðum á fundinum sagði Ásgeir Jónsson, lektor við HÍ, að kostnaður við krónuna hafi í raun verið vanmetinn



undanfarin ár. Það kæmi sér einnig á óvart að ekki væru hávæzari raddir um upptöku evru innan atvinnulífsins þar sem miklir hagsmunir væru til staðar.

Á sama fundi ári síðar fjallaði seðlabankastjóri um vaxtastefnu bankans og samannburð á vaxtastigi héraðs og erlendis, en skömmu áður hafði bankinn hækkað stýrivexti þvert á álit aðila vinnumarkaðarins. Seðlabankastjóri sagði m.a. í erindi sínu að færa mætti rök fyrir því að hér væru vextir of lágir og ef staðan væri borin saman við önnur lönd mætti sjá að aðhald peningastefnunnar væri í meðallagi. Þá

taldi hann horfu á efnahagsbata að ganga að mestu eftir, þó hafa mætti áhyggjur af lágu fjárfestingarstigi, auk þess sem áhrif peningastefnunnar á hagvöxt væru takmörkuð.

Ráðstefna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Í október 2011 fór fram ráðstefna AGS, Seðlabankans og íslenskra stjórnvalda um lærdóma sem draga mætti af efnahagskreppunni og verkefni framundan. Ráðstefnan fór fram undir yfirskriftinni „Iceland's Recovery - Lessons and Challenges“.

Á ráðstefnunni tóku til máls forsvarsmenn ríkisstjórnar og Seðlabankans ásamt fulltrúum launþegahreyfinga og atvinnulífs. Einnig kynntu bæði innlendir og erlendir fræðimenn eigin sýn á stöðu mála hér á landi, en meðal þeirra síðastnefndu voru Joseph Stiglitz frá Columbia Háskóla, Paul Krugman frá Princeton Háskóla, Simon Johnson frá MIT og Martin Wolf frá Financial Times. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, flutti erindi á ráðstefnunni um mikilvægi samræmis á milli stefnu annars vegar og aðgerða hins vegar, sem stuðla að nýtingu þeirra ríki tækifæra sem hér eru fyrir hendi.

Uppbygging atvinnuvega

Stjórnvöld þurfa að leggja meiri áherslu á að skapa umræðuvettvang milli viðeigandi aðila þegar ný stefnumörkun fer af stað. Þetta kom fram í máli Dr. Seiichiro Yonekura, forstöðumanns rannsóknarmiðstöðvar í nýsköpunarfræðum við Hitotsubashi Háskóla í Tókýó, á morgunverðarfundi sem Viðskiptaráð hélt ásamt fleirum á Grand Hótel Reykjavík í ágúst 2010. Í máli sínu kom hann inn á mikilvægi þess að setja af stað samstarf breiðs hóps til að marka framtíðarstefnu í uppbyggingu atvinnuvega.



Hraðfrystihúsið-Gunnvör | Einar Valur Kristjánsson framkvæmdastjóri

Ég tel að tækifærin liggja í frekari nýsköpun á þeim grunni sem við þekkjum best þ.e. í sjávarútveginum. Til að bæta rekstrarumhverfi sjávarútvegsins þarf að skapa atvinnugreininni starfsfrið til langs tíma, ennfremur þarf að hlúa að sprotunum sem byggja á þessum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar.

Öll umgjörð sjávarútvegsins af hálfu stjórnvalda hefur verið mjög neikvæð á undanförunum árum og er því miður ekki til þess fallin að laða að ungt og vel menntað fólk, sem mikil þörf er þó á.

Þessi sjónarmið komu einnig fram á fundi Íslenska sjávarklasans sem haldinn var í samstarfi við Viðskiptaráð, TM, Marel og Íslandsbanka og fór fram í höfuðstöðvum Marel í nóvember 2011. Þar voru kynnt þau tækifæri sem felast í hundruðum smárra og stórra fyrirtækja í sjávarklasnum og hvernig hægt er að auka samstarf og nýta tækifærin sem best. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, kynnti á fundinum níu einstaklinga sem eru hluti af sjávarklasnum á Íslandi. Þau vinna að jafn ólíkum verkefnum og köfun eftir lyfjasprotum á hafsbotni, útflutningi á fiskréttum, alþjóðlegri fjármálaþjónustu í sjávarútvegi, roði sem lækningavöru, líftækni sem getur skapað mikil verðmæti ásamt tækni sem bætir vélbúnað í skipum.



Efnahagslíf nútímans byggist að miklu leyti á almennum lánsviðskiftum og lánstrausti. Almenn lánsviðskifti ljetta m.a. undir stóriðju og koma því til leiðar, að dugandi en fjeltilir menn geti komið upp og starfrækt atvinnufyrirtæki, sem þeim væri ella ókleift.

Úr Verslunartíðindum Verslunarráðs Íslands í september 1930.

ENDURSKIPULAGNING FYRIRTÆKJA

Beina brautin: Áfanga náð en töluvert verk óunnið

Um miðjan desember 2010 var undirritað samkomulag, sem kallað var **Beina brautin**, sem ætlað var að flýta fjárhagslegri endurskipulagningu og úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Að samkomulaginu stóðu efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Viðskiptaráð Íslands, Félag atvinnurekenda, fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Samtök fjármálafyrirtækja.

470 fyrirtæki fengið tilboð frá Arion banka, 250 fyrirtæki frá Íslandsbanka og 230 fyrirtæki frá Landsbankanum.

Þrátt fyrir að talsvert hafi áunnist með Beinu brautinni er ljóst að fjárhagslegri endurskipulagningu íslensks atvinnulífs er ekki lokið. Framtíkið náði eingöngu til afmarkaðs hóps fyrirtækja en önnur hafa þurft að reiða sig á sértækar lausnir viðkomandi bankastofnana. Þá hafa dómur

Úttekt Samkeppniseftirlitsins frá því í júní 2011 gefur jafnframt til kynna að enn sé langt í land í þessum efnum, en ein niðurstaða hennar er að bankar ráði yfir tæplega helmingi eignarhluta þeirra fyrirtækja sem úttektin tók til.

Aðkoma ráðgjafa nauðsynleg

Til að flýta fyrir framkvæmd Beinu brautarinnar og gefa fyrirtækjum valkosti setti Viðskiptaráð upp sérstaka yfirlitssíðu um framtíkið á vefsíðu sinni ásamt því að halda framhaldsfund með aðilum samkomulagsins í mars 2011. Á síðunni mátti finna öll þau gögn sem tengdust Beinu brautinni, glærur frá opnum fundum um efnið, tengla á áhugavert efni s.s. upplýsingasíður viðskiptabankanna og á fjölmarga dóma um gengislán og síðast en ekki síst upptalningu á 25 ráðgjafafyrirtækjum sem voru reiðubúin að leggja fyrirtækjunum lið. Aðstoð þeirra reyndist fjölmörgum fyrirtækjum umtalsverður kostur í endurskipulagningaferlinu. Þau voru:

ADVEL lögmenn
Arctica Finance
Arev
Auður Capital
BBA Legal
Capacent
Centra Fyrirtækjaráðgjöf
Deloitte
Dögun Capital
Ernst & Young
Expectus
Fjárstoð
IFS
KPMG
LEX lögmennsstofa
LOCAL lögmenn
LOGOS lögmennspjónusta
LS Finance
MP banki
NORDIK lögfræðipjónusta
ODIX Consulting
Partner
PwC
Saga Capital
VJI Ráðgjöf



Í samkomulaginu var gert ráð fyrir að ljúka tillögugerð um fjárhagslega endurskipulagningu þeirra fyrirtækja sem falla undir samkomulagið fyrir 1. júní 2011. Viðskiptabankarnir þrír hafa allir gert grein fyrir að því marki sé náð. Samkvæmt upplýsingum frá bönkunum sem þá voru birtar höfðu, í lok tímabils samkomulagsins,

Hæstaréttar um gengislán flækt ferlið ásamt því sem endurskipulagningaferlið hefur skapað fjölda álitamála tengdum áhrifum á samkeppnisaðstæður. Fjallað var ítarlega um þann þátt málsins á fundi Viðskiptaráðs og annarra aðila samkomulagsins í desember 2010.

Á tímabilinu frá 1. júlí 1933 til 31. des 1942 leggur ríkissjóður fram allt að 2,5 milj. kr. til sjerstakrar lánstofnunar er nefnist Kreppulánasjóður. Skulu árlegar vaxtagreiðslur Búnaðarbanka Íslands, þar með taldar vaxtagreiðslur Ræktunarsjóðs og veðdeildar bankans, ganga upp í ofanefnt framlag ríkissjóðs, sem er vaxtalaust stofnfje Kreppulánasjóðs.

Úr Verzlunartíðindum Verzlunarráðs Íslands í september 1930.



Verzlunarskóli Íslands | Ingólfur Ólafsson skólastjóri

Tækifærin á framhaldsskólastiginu liggja í nýjum lögum um framhaldsskóla þar sem frjálstræði einstakra skóla er aukið til muna og skólar geta aukið sérstöðu sína enn frekar.

Aðsókn að Verzlunarskólanum hefur verið mjög mikil undanfarið, en þar skiptir miklu máli það stanslausa uppbyggingar og nýsköpunarstarf sem hefur einkennt skólann frá stofnun hans árið 1905.



Bakhjarl menntunar

Í 95 ár hefur Viðskiptaráð Íslands tekið þátt í uppbyggingu íslensks menntakerfis með áherslu á hagnýta menntun á sviðum atvinnulífs, enda fátt til meiri hagsbóta fyrir viðskiptalíf en öflugt og vel menntað starfsfólk.

Stjórnendur í atvinnulífinu gera sér sífellt betur grein fyrir því að til þess að standast samkeppni þurfa fyrirtæki að hafa innan sinna vébanda hæft og vel menntað starfsfólk. Alþjóðavæðing atvinnulífsins gerir það að verkum að fyrirtækin búa við meiri samkeppni en áður og ný tækni og meira flæði upplýsinga leiða til þess að kröfur til starfsfólks aukast stöðugt.

Sjálfsfegnarstofnun Viðskiptaráðs um viðskiptamenntun

Til að mæta þessari eftirspurn eftir vel menntuðu og hæfu starfsfólki er mikilvægt fyrir atvinnulífið að taka virkan þátt í uppbyggingu menntunar. Að þessu hlutverki hefur Viðskiptaráð komið með markvissum hætti síðustu ár og áratugi. Stjórn ráðsins er fulltrúaráð sjálfsfegnarstofnunar Viðskiptaráðs um viðskiptamenntun (SVÍV). SVÍV á stærstan hluta í Háskólanum í Reykjavík og rak Verzlunarskóla Íslands um árabíl. Skólanum hefur nú verið breytt í sjálfstæða sjálfsfegnarstofnun undir vernd Viðskiptaráðs og myndar stjórn ráðsins fulltrúaráð Verzlunarskólans.

STJÓRNARHÆTTIR FYRIRTÆKJA

Góðir stjórnarhættir skipta máli

Um mitt ár 2009 stóð Viðskiptaráð, ásamt Samtökum atvinnulífsins og Kauphöllinni, að útgáfu nýrra leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Það var mat þessara aðila að almennar viðtökur við leiðbeiningunum á sínum tíma hafi valdið vonbrigðum og að vantraust í garð fyrirtækja og viðskiptalífs eftir fall bankanna hafi verið til marks um að margt hefði betur mátt fara. Þær ófarir bentu til brotalama í stjórnarhættum margra fyrirtækja, hér heima og erlendis, og við hæfi var að brugðist yrði við af festu hérlendis til að bæta stjórnarhætti til frambúðar.

Mikilvægt er að sinna þessum málum af natni næstu misseri til að efla traust til atvinnulífs til framtíðar og ennfremur til að efla traust á milli lykilaðila, þ.e. atvinnulífs, heimila og stjórnvalda. Eftirfylgni

stjórnenda við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti er eitt margra skrefa í þá átt. Um þetta var fjallað á ráðstefnu í maí 2010 sem Viðskiptaráð stóð að ásamt Samtökum atvinnulífsins, Kauphöllinni og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við HÍ.

Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um mikilvægi þess að athafnir stjórnenda fylgi orðum þeirra um góða stjórnarhætti og að virðing sé borin fyrir hluthöfum. Þá fór Chris Pierce, forstjóri Global Governance Service, í erindi sínu yfir rök fyrir bættum stjórnarhættum út frá rekstrarforsendum fyrirtækja og nefndi hann fjölmörg dæmi þess efnis að góðir stjórnarhættir hefðu bein jákvæð áhrif á rekstur þeirra s.s. með aukinni skilvirkni, meira gagnsæi og lægri fjármagnskostnaði.



Úttekt á stjórnarhættum

Í kjölfar ráðstefnunnar undirrituðu Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins, Kauphöllin og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti fyrirtækja samstarfssamning. Samningurinn miðar að því að veita öllum þeim fyrirtækjum sem vilja færi á að undirgangast formlega úttekt á

stjórnarhættum sínum. Þau fyrirtæki sem standast úttektina verða talin til fyrirmyndarfyrirtækja í stjórnarhættum og fá merki þess efnis því til staðfestingar. Nú þegar hefur fjöldi fyrirtækja sýnt ferlinu áhuga.

Samhliða kynningu á úttektinni opnaði Viðskiptaráð svokallaði Fyrirtækjagátt á vefsíðu sinni sem ætlað er að veita fyrirtækjum vettvang til að upplýsa að eigin frumkvæði um helstu atriði í sínum rekstri. Þar verður fyrst um sinn lögð áhersla á ársreikninga, samsetningu stjórnar, starfsreglur stjórnar og stjórnarhættayfirlýsingu. Fyrirtækin þurfa að gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum þeim sem hafa áhuga og hljóta fyrir vikið vissa einkunn. Meginmarkmið gáttarinnar

Íslensks atvinnulífs verði fjölgað. Markmið samningsins er að hlutfall hvors kyns verði ekki undir 40% í lok árs 2013.

Haldnir voru tveir samstarfsfundir um efnið árið 2010 og 2011 til að yta við umræðunni. Á þeim fyrri fjallaði m.a. Þórunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og stjórnunar við HR, um nýlega rannsókn sína um áhrif fjölbreyttrar samsetningar á verklag stjórnara, auk þess sem almennt var fjallað um konur og forystuhlutverk. Á seinni fundinum var fjallað um reynslu Norðmanna af kynjakvótum. Mari Teigen, doktor í félagsfræði og rannsóknarstjóri hjá Rannsóknarstofnun í félagsvísindum í Ósló og Benja Stig Fagerland eigandi ráðgjafafyrirtækisins TalentTuning í Noregi voru meðal þeirra sem héldu erindi.



er þannig að auka gagnsæi í íslensku viðskiptalífi sem er eitt lykilatriði þess að efla traust.

Fjölbreytni í stjórnunum ábótavant

Veigamikill hluti góðra stjórnarhátta er að stjórnir fyrirtækja séu skipaðar einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn. Í viðleitni til að auka fjölbreytni, skrifuðu árið 2009, Félag kvenna í atvinnurekstri, Viðskiptaráð Íslands og fjölmargir aðrir aðilar undir samstarfssamning til að hvetja til og leggja áherslu á að konum í forystusveit

Umræðan leitt til árangurs

Svo virðist sem umræðan um stjórnarhætti og fjölbreytni hafi skilað árangri. Á fundi Viðskiptaráðs og KPMG í nóvember 2011 voru kynntar niðurstöður könnunar KPMG þar sem m.a. kom fram að hlutfall kvenna í stjórnunum fyrirtækja hafði hækkað frá falli bankakerfisins. Berglind Ósk Guðmundsdóttir, lögfræðingur hjá KPMG fór yfir niðurstöður könnunarinnar og taldi hún þessa þróun gefa góða vísbendingu um að samsetning stjórnara væri að breytast með auknum fjölbreytileika.



Fundurinn vill ennfremur vekja athygli ríkisstjórnarinnar á því, að skv. upplýsingum, sem Verzlunarráðinu hafa borizt frá International Chamber of Commerce í París, fer nú fram á vegum þeirrar stofnunar gagnger rannsókn á gildandi löggjöf um hlutafélög í þátttökuríkjum hennar. Markmið þessarar rannsóknar er að vinna að sem viðtækastri samræmingu umræddrar löggjafar í grundvallaratriðum.

Úr ályktun varðandi hlutafélög sem samþykkt var á aðalfundi ráðsins 1954

Háskólinn í Reykjavík | Dr. Ari Kristinn Jónsson rektor

Íslenskt menntakerfi ber mikla ábyrgð gagnvart einstaklingum, atvinnulífi og samfélagi. Þau tækifæri sem mestu máli skipta í menntakerfinu eru þau sem snúa að menntun, þjálfun og þroska einstaklingsins, samhliða því að þörfum atvinnulífs og samfélags fyrir menntun og nýsköpun sé mætt.

Þar sem hagvöxtur Íslands mun í framtíðinni byggja mun meira á hugviti, þekkingu og þjónustu sem er alþjóðlega samkeppnisfær, þá er ljóst að tækifærin í menntakerfinu eru líka tækifæri þjóðarinnar.

HR útskrifar nú tvo af hverjum þremur sem útskrifast með tæknimenntun á háskólastigi, helming viðskiptamenntaðra og þriðjung þeirra sem ljúka prófi í lögum. Jafnframt þessu stendur Háskólinn í Reykjavík fremstur þegar kemur að ritrýndum birtingum rannsóknarniðurstaða á sínum kjarnasviðum.



NÝSKÖPUN

Tengslakvöld Viðskiptaráðs og Innovit

Ein megin niðurstaða Umbótaþings Viðskiptaráðs tengdist mikilvægi nýsköpunar og var ráðinu fengið það hlutverk að styðja með virkum hætti við nýsköpun og sprotastarf. Mikilvægt er að umhverfi til nýsköpunar standist samanburð við það sem gerist erlendis. Á það sérstaklega við í núverandi efnahagsumhverfi þar sem margar góðar ástæður eru til að halda að sér höndum í stað þess að sækja í sig veðrið og taka þátt í atvinnurekstri. Vinsæl tengslakvöld Viðskiptaráðs og Innovit síðustu þrjú ár gefa þó til kynna að litlar áhyggjur þurfi að hafa af framtakssemi ungra frumkvöðla hér á landi. Þessi kvöld má rekja til ársins 2009, en síðustu tvö ár



voru haldin þrjú tengslakvöld þar sem 40 sprotafyrirtæki áttu þess kost að sækja í reynslubanka fjölbreytts hóps af fólki úr viðskiptalífnu.

Þátttakendur á tengslakvöldum 2010 og 2011

4x4offroads.com

Actavis
Advel
Alcoa Ísland
Amivox
Arctic Care
Auður Capital
Base Finance
BrandScript
Bungaló
CCP
Creditinfo
Docs & Film festivals.com
Eyrir Invest
Fancy Pants Global
Fyrirburaföt
Gítargrip.is
Golfheimar
Gyðja collections
Hagsýn
Handlers
Háskólinn í Reykjavík
HB Grandi
Hjallastefnan
IC Game House
Iceland Seafood
Icelandic Cinema Online
Innovit
KinWins
Klak - Viðskiptasmiðja
KPMG
Landsbankinn

Lazytown
Lipid Pharmaceuticals
Live Project
Lífhotel
Locals Recommend
Mannvit
Marel
Memmm
Mentor
N1
Naglinn
Nova
NUDE magazine
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
O2
Pink Iceland
Puzzled by Iceland
Remake electrics
Reykjavík Concierge
RóRó
Skýrr
Streamcity
Stúdía
T1 hugbúnaðarhús
Thule Investments
Transmit
Undraland
Veritas Capital
Vík Þrjónsdóttir
When gone
Worn By Worship
Össur



CLARA | Gunnar Hólmsteinn forstjóri

Við hjálpum fyrirtækjum að skilja viðskiptavini sína betur og trúum því að eftirspurn eftir dýpri greiningu og myndrænni framsetningu á miklu magni af textalegum gögnum sé á hraðri uppleið.

Öll okkar orka síðastliðna mánuði hefur farið í að opna skrifstofu og ráða fólk í San Francisco. Það er hefur skipt sköpum og hjálpað okkur að loka samningum við Fortune 500 fyrirtæki á borð við Sony.

Framkvæmdaglaðir Íslendingar

- 850 verkefni leyst á viku

Aljóðleg athafnavika hefur verið haldin árlega á Íslandi síðustu ár en henni er ætlað að hvetja fólk um allan heim til þátttöku í nýsköpunarverkefnum. Innovit er framkvæmdaraðili athafnavikunnar, en Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs hefur verið einn af talsmönnum hennar. Eins og kom fram á vef athafnaviku þá hefur Finnur „óbilandi trú á því að framtíð Íslands sé best borgið í höndum athafnasamra einstaklinga og framtakssamra fyrirtækja sem vilja láta hlutina gerast“.

Samhliða Alþjóðlegri athafnaviku hefur farið fram verkefni sem nefnist Athafnateygja Innovit og er því ætlað að mæla hversu miklu íslenska þjóðin getur komið í framkvæmd á einni viku. Á árinu 2010 voru tæplega 850 framkvæmdir skráðar á þeim rúmlega 200 teygjum sem voru í umferð og vakti átakið mikla athygli.

Lög um stuðning við nýsköpunar-

fyrirtæki fengu grænt ljós

Viðskiptaráð og Samtök iðnaðarins áttu ágætt samstarf við fulltrúa iðnaðar-ráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins árin 2010 og 2011 í þeim tilgangi að koma á skattalegum ívilnunum fyrir nýsköpunar-fyrirtæki. Þrátt fyrir að endanleg afurð hafi ekki verið í fullu samræmi við upphaflegar áætlanir þá hefur fyrirkomulagið verið fjölda fyrirtækja til hags. Umsjón með framkvæmdinni er í höndum Rannís og samtals hafa 166 verkefni hjá 98 fyrirtækjum notið ívilnana samkvæmt tölum frá janúar 2012.

Nýsköpun er mjög mikilvægur þáttur í endurreisn hagkerfisins og leggur Viðskiptaráð áherslu á stuðning við það í starfi sínu. Hvað varðar skattalega hvata til handa einstaklingum og fyrirtækjum að fjárfesta í nýsköpun, sem voru felldir brott úr upphaflegu lögunum, þá hefur Viðskiptaráð unnið í góðu samstarfi við áður nefnda aðila að því að færa ákvæði í þá veru í þannig form að þau samrýmast EES reglum. Vonir standa til að tillaga þess efnis verði tilbúin fyrir sumarið 2012, sem fer svo til umsagnar hjá ESA.



Ár frá ári eykst aðsóknin að skólunum, gildir einu hverju nafni þeir nefnast. Er þetta sjálfsgagt að sumu leyti sprottið af fjólfjölguninni og að hinu leyttinu af vaxandi menntunarþrá fólksins.

Um Verslunarskólann í Verslunartíðindum Verslunarráðs Íslands í september 1926.

UPPLÝSINGAMIÐLUN

Horft til Íslands

Stór hluti af starfi Viðskiptaráðs síðustu tvö ár hefur snúið að upplýsingamiðlun, bæði til innlendra og erlendra aðila. Á tímabilinu voru gefnar út 6 skýrslur, 16 skoðanir, fréttabréf ráðsins hefur komið út að jafnaði aðra hvora viku, yfir 150 umsögnum hefur verið skilað til nefnda Alþingis og fjölmargar blaðagreinar eftir forsvarsmenn ráðsins hafa verið birtar. Allt útgefið efni má finna á vefsíðu ráðsins sem aðgengileg er á slóðinni **vi.is**. Vefsíða Viðskiptaráðs hefur verið í stöðugri þróun síðustu árin, en frá árinu 2010 hefur ráðið einnig haldið úti síðu á samfélagsvefnum facebook.

Þá hafa starfsmenn flutt erindi á ýmsum viðburðum og námskeiðum ásamt því sem ráðið hefur staðið að fjölmörgum opnum fundum sem farið hefur verið yfir hér á undan. Þá hafa starfsmenn, stjórnarmeðlimir og félagar tekið á mótum opinberum sendinefndum og fjölmiðlum víðsvegar að úr heiminum. Þar má nefna, fyrir utan helstu viðskiptalönd Íslands, m.a. fulltrúa frá Bangladess, Bosníu, Eþíópíu, Japan, Kanada, Kína, Nígíeríu, Rússlandi, Síle, Ungverjalandi og Venesúela.

Samkeppnishæfni Íslands

Einn þáttur þess verkefnis að afla og miðla upplýsingum er samkeppnishæfnislisti IMD viðskiptaháskólans í Sviss. Skólinn hefur starfrækt rannsóknarstofnun um samkeppnishæfni þjóða frá árinu 1989 í samstarfi við 54 aðila víðs vegar um heim. Markmiðið er að gefa stjórnvöldum, fyrirtækjum og stofnunum sem besta mynd af samkeppnishæfni þeirra. Er það fyrst og fremst gert með árlegum lista skólans um samkeppnishæfni þjóða „*IMD World Competitiveness Yearbook*“ en listinn byggir á yfir 300 mælikvörðum í dag og gefur nákvæma mynd af meginþáttum samkeppnishæfni.

Viðskiptaráð Íslands hefur um árabil annast samantekt á tölulegum upplýsingum og stjórnendakönnun atvinnulífs á Íslandi í samstarfi við IMD. Tilgangur samstarfsins

er að gefa innlendum og erlendum aðilum sem nákvæmastar upplýsingar um stöðu íslensks atvinnulífs og efnahags. Þessar upplýsingar geta stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki notað til að bæta samkeppnishæfni landsins gagnvart öðrum löndum.

Niðurstöður 2011

Ísland var í 31. sæti sæti yfir samkeppnishæfustu hagkerfi heims árið 2011 og féll um eitt sæti frá fyrra ári. Þau lönd sem eru með svipaða samkeppnishæfni og Ísland eru Tékkland í 30. sæti og Indland í 32. sæti. Svíþjóð var efst Norðurlandanna árið 2011, í 4. sæti listans og fór upp um tvö sæti milli ára. Danmörk og Noregur voru svo í 12. og 13. sæti listans.

Þó söguleg staða samkeppnishæfni Íslands gefi tilefni til hóflegar bjartsýni er áhyggjuefni hvernig atvinnulífið situr eftir þegar þróunin á milli ára er skoðuð. Vegur þar þyngst að rekstrarumhverfi fyrirtækja hefur síst batnað frá hruni, með hærri sköttum, fjármögnunarerfiðleikum, erfiðri skuldastöðu og takmarkaðra aðgengi að alþjóðlegum mörkuðum.

Ljóst er lykllt að aukinni samkeppnishæfni og um leið lífskjörum felst í umbótum á rekstrarumhverfi fyrirtækja. Í þeim efnum



er Ísland ekkert frábrugðið öðrum löndum sem hafa unnið sig úr efnahagskreppum. Það verður eingöngu gert á forsendum almenns atvinnulífs.

Upplýsingarit um stöðu efnahagsmála

Annar veigamikill þáttur í upplýsingamiðlun Viðskiptaráðs snýr að því að veita erlendum aðilum innsýn í stöðu mála hérlandis. Talsvert hefur skort á slíka upplýsingagjöf síðustu misseri þó nægt tilefni hafi verið til, enda hefur íslenskt efnahags- og viðskiptalíf gengið í gegnum margháttáðar breytingar síðustu ár. Því hefur Viðskiptaráð staðið fyrir útgáfu upplýsingarits á ensku um þróun efnahags- og stjórnmála hérlandis frá haustinu 2008, en nýjasta útgáfa ritins „*The Icelandic Economic Situation - Status report*“, var síðast gefin út í ágúst 2011 og var það fjórtánda útgáfa skýrslunnar. Þetta rit er fyrst og fremst hugsað sem safn

upplýsinga, tilvísana og hlekkja í vefsíður og gögn annarra aðila frekar en greining á þróun og stöðu efnahagsmála. Í ritinu er m.a. að finna efni um:

- Fall og endurskipulagningu bankakerfisins
- Utanríkisamskipti
- Breytingar á hinu pólitíska landslagi
- Stöðu hagkerfisins, t.d. skuldastöðu þjóðarbúsins, verðbólgu, atvinnuleysi, krónuna og skattabreytingar
- Icesave samkomulagið, þjóðaratkvæðagreiðslurnar, ESA ferlið og rök gegn ríkisábyrgð
- AGS áætlunina
- Úrvinnslu á skuldavanda fyrirtækja og heimila
- Peningamálastefnu Seðlabankans og ríkisfjármálustefnu stjórnvalda
- Aðildarferlið að Evrópusambandinu

Hver útgáfa upplýsingaritsins er send rafrænt á stóran hóp erlendra aðila sem starfa m.a. hjá alþjóðlegum stofnunum, fjármálafyrirtækjum, matsfyrirtækjum, sendiráðum og öðrum stofnunum.



Epal | Eyjólfur Pálsson

Tækifærin í minni atvinnugrein liggja í þróun og framleiðslu íslenskrar hönnunar, vexti hennar og viðgangi. Íslenskum hönnuðum fjölga stöðugt og frá þeim koma inn á markaðinn nýjar hugmyndir og vörur.

Í mars á þessu ári verður HönnunarMars haldinn hér í fjórða skipti og nú sem endranær er fullvist að þar muni koma fram fjölbreytilegar nýjungar á sviði hönnunar. Vaxtarbroddurinn liggur því, að mínu mati, í íslenskrari hönnun.

Morgunverðarfundir Verzlunarráðsins hafa gefið góða raun. Það virðist henta mörgum að snæða léttan morgunverð og ræða áhugavert efni, áður en þeir mæta til vinnu. Þessir fundir hafa oftast byrjað um átta leytið á morgnana og verið lokið um klukkan hálf tíu.

Úr ársskýrslu Verzlunarráðs Íslands 86-87

ALPJÓÐASVIÐ

Víðtækt tengslanet

Hjá Viðskiptaráði Íslands eru sjö milli-landaráð til húsa: Bresk-íslenska (BRÍS), Dansk-íslenska (DÍV), Ítalsk-íslenska (ÍTÍS), Norsk-íslenska (NÍV), Spánsk-íslenska (SPÍS), Sænsk-íslenska (SÍV) og Þýsk-íslenska viðskiptaráðið (ÞÍV) auk Landsnefndar alþjóða viðskiptaráðsins eða International Chamber of Commerce (ICC). Ráðunum er öllum ætlað sama hlutverk, þ.e. að örva viðskipti, koma á sambandi milli fyrirtækja eða forsvarsmanna fyrirtækja, standa fyrir fundum og öðrum viðburðum sem eftir geta samvinnu milli landa og annast þjónustu við félaga.

Starfsemi á árunum 2010 og 2011

Erfitt árferði hér á landi hafði áhrif á starf allra millilandaráðanna á árunum 2008 og 2009, en síðustu ár hefur starfsemi þeirra styrkst aftur. Öllum ráðunum hefur tekist að viðhalda fjölda félaga og í mörgum tilfellum hefur sú ánægjulega þróun orðið að þeim hefur fjölgað verulega.

Fjöldi viðskiptasendinefnda hefur sótt ráðin heim, en tilgangur þeirra er að kynna sér íslenskt viðskiptalíf og hafa verið skipulagðir fundir milli þeirra og forsvarsmanna fyrirtækja hérlendis. Fjöldi dæma eru um að viðskiptasambönd hafi komist á eftir slíkar heimsóknir. Þá berast ráðunum reglulega fyrirspurnir frá fyrirtækjum sem vilja koma á viðskiptasamböndum við íslensk fyrirtæki.

Sameiginleg verkefni

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á auknið samstarf millilandaráðanna hér á landi og leitast við að koma á framfæri sameiginlegum hagsmunamálum þeirra, ekki síður en þeim sem hvert og eitt ráð hefur. Formenn ráðanna hafa m.a. hist á formannafundum og hefur fyrirkomulagið gefist vel.

Ráðin stóðu saman að tveimur fundum með samninganefnd Íslands við Evrópu-sambandið á árunum 2010 og 2011 og

voru þeir báðir vel sóttir. Þá hefur sú hefð myndast að halda sameiginlegt golfmót, „International Chamber Cup“, fyrir alla félaga millilandaráðanna og Viðskiptaráðs, ásamt stjórnarmönnum og gestum þeirra. Sú hefð hefur lagst vel í golfáhugamenn innan ráðanna sem vilja efla tengslanet sitt.

Fundir erlendis til kynningar á Íslandi Meðal viðburða á tímabilinu voru hringborðsumræður sem fram fóru í Bremen á árinu 2010, í tengslum við aðalfund ÞÍV, með þátttöku sjávarútvegsherra og sérfræðinga í sjávarútvegi frá Íslandi og Þýskalandi. Þá hélt ÞÍV vel sóttan hádegisfund á Hilton Reykjavík Nordica í janúar 2011. Þar flutti Alfreð Gíslason, þjálfari Þýskalandsmeistara Kílar í handknattleik og einn fremsti handboltþjálfari heims, erindi um keppnisanda á krísutímum.



Millilandaráðin stóðu á árinu 2011 fyrir fundum með efnahags- og viðskiptaráðherra, ásamt fleirum, til að kynna stöðu Íslands. Þeir voru haldnir í Lundúnum, Kaupmannahöfn og Ósló. Þá eru fleiri fundir á svipuðum nótum í bígerð. Þeir fundir sem haldnir hafa verið hafa tekist með ágætum, en húsfyllir var í Lundúnum og Ósló. Þá stóðu ÍTÍS, SÍV og SPÍS fyrir nokkrum menningartengdum viðburðum og fyrirtækjakyningum, sem þóttu heppnast vel.

Ný ráð bæstast við

Á síðustu tveimur árum hafa tvö ný ráð bæst í hópinn, þó bæði standi á gömlum merg. Norsk-íslenska viðskiptaráðið var endurvakið með aðalfundi í Ósló og er mikill hugur í stjórnarmönnum og félögum sem skráð hafa sig í ráðið. Finnisk-íslenska viðskiptaráðið var stofnað árið 2008 og hefur aukinn kraftur verið settur í starfsemi ráðsins á síðasta árið. Finnisk-íslenska viðskiptaráðið stóð fyrir kynningarfundum um möguleika íslenskra fyrirtækja í Finnlandi í samvinnu við Íslandsstofu. Norsk-íslenska viðskiptaráðið stóð fyrir nokkrum heimsóknunum í fyrirtæki í Noregi, auk fyrrnefndar fundar um efnahagsmál. Það er því mikill fengur að báðum þessum ráðum.



Umræður um samskipti Íslands og Evrópubandalagsins hafa hingað til ekki verið nægilega markvissar. Of marga þátttakendur í þessum umræðum hefur skort nauðsynlegan þekkingargrunn til þess að geta rætt málin af nægjanlegri yfirsýn. Segja má að Íslendingar hafi ekki unnið nauðsynlega heimavinnu til þess að fjalla um samskiptin við Evrópubandalagið.

Úr skýrslunni Ísland og Evrópubandalagið sem gefin var út á Viðskiptaþingi 1989.



Það þarf að hvetja hjól atvinnulífsins til að snúast og skapa ný atvinnutækifæri og innri vöxt, en ekki letja. Ég tel tækifærin í ferðaþjónustu liggja í markvissari markaðssetningu Íslands yfir vetrartímamann, en síaukið framboð flugs býður upp á mikil tækifæri sem þarf að nýta vel og hámarka.

Við höfum ekki látið eldgos, auknar skattbyrðar eða aðra kostnaðaraukningu raska þeirri ótraudu stefnu okkar að vera áfram leiðandi í hótélrekstri á Íslandi.

Á tímabilinu hefur einnig verið samstarf við Japansk-íslenska viðskiptaráðið sem hefur aðsetur í Sendiráði Íslands í Tókýó. Þá er hægt að greina frá því að fyrir dyrum stendur að endurverkja Amerísk-íslenska viðskiptaráðið og verið er að kanna grundvöll stofnunar Grænlenks-íslensks viðskiptaráðs á vegum DÍV.

Samstarf við erlendar stofnanir og fyrirtæki

Mikilvægur þáttur í starfi millilandaráða Alþjóðasviðs viðskiptaráðs Íslands eru samskipti við systursamtök erlendis, alþjóðlegar stofnanir, fulltrúa erlendra ríkja á Íslandi og fleiri. Nefna má í þessu samhengi að millilandaráðin hafa átt mjög góð samskipti við bæði sendiráð og ræðisskrifstofur viðkomandi landa á síðustu árum og hafa þau orðið til að styrkja grundvöll ráðanna. Þá eru sum ráðin í miklum erlendum tengslum, t.d. ÞÍV sem er beintengt samtökum um 130 þýskra millilandaráða víða um heim og njóta stuðnings þeirra og samvinnu.

DÍV, SÍV og NÍV eiga gott samstarf við þarland viðskiptaráð og BRÍS tekur þátt í starfi samtaka breskra viðskiptaráða í Evrópu (COBCOE). Landsnefnd alþjóða viðskiptaráðsins (ICC) á Íslandi var stofnuð árið 1983, en alþjóðasvið Viðskiptaráðs annast þátttöku Íslands í ICC. Landsnefndin hefur umsjón með námskeiðum á vegum ICC og stýrir starfi nefndar sem fjallar um umbætur í alþjóðaviðskiptum á sviði bankaábyrgða.

Námskeið á vegum Landsnefndar ICC

Landsnefnd Alþjóða viðskiptaráðsins (ICC) stóð í september 2010 fyrir námskeiði um alþjóðlegu vöruflutningsskilmálana Incoterms 2010. Ný og endurskoðuð útgáfa var kynnt á fundi ICC í París fyrir

í þeim mánuði, en margir höfðu beðið eftir þessari endurskoðun með óþreyju þar sem 10 ár voru liðin síðan síðasta endurskoðun flutningsskilmálanna kom út.

Fyrirlesari á námskeiðinu var Asko Rätty, lögmaður, og einn helsti sérfræðingur Finna á þessu sviði, en hann starfaði í nefnd ICC um endurskoðun Incoterms. Námskeiðið þótti sérstaklega gagnlegt fyrirtækjum sem standa í inn- og útflutningi, en einnig sóttu það aðrir sem áhuga hafa á alþjóðaviðskiptum.

Þá stóð Viðskiptaráð Íslands og Landsnefnd alþjóða viðskiptaráðsins aftur fyrir námskeiði í maí 2011 um vöruviðskipti til og frá Íslandi. Á því var m.a. farið yfir áður nefnda flutningsskilmála, ATA Carnet kerfi ICC, nýtt rafrænt ATA viðmót Viðskiptaráðs ásamt tilgangi upprunavottorða (e. certificates of origin).





Hann komst að þeirri niðurstöðu, að kreppan væri enn harðari og erfiðari viðfangs, en hún hefði verið fyrir tveimur árum. Þetta kenndi hann aðallega viðskiftastefnu þeirri, sem flestar þjóðir hafa hallast meira eða minna að á síðari tímum, og lýsir sjer í hverskonar viðskiftahömlum, gengisbreytingum o.fl.

Um ræðu hollendingins van Vlissingen, forseta Alþjóða verslunarráðsins, á ráðstefnu ráðsins í París. Birtist í Verslunartíðindum Verslunarráðs Íslands í júlí 1935.



Vátryggingafélag Íslands | Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri

Það er mikilvægt að mínu mati að íslenskt atvinnulíf búi við sem mestan stöðugleika í rekstrarumhverfi sínu og að við séum samkeppnishæf við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við.

Tækifærin hjá okkur liggja í enn meiri áherslu á forvarnir. Það er gríðarlegur kostnaður sem hlýst af öllum þeim slysum og tjónum sem eiga sér stað á hverjum degi, en góð samvinna allra hagsmunaaðila með það að markmiði að fækka slysum og tjónum skilar sér með beinum hætti til alls samfélagsins.

ALÞJÓÐASVIÐ VIÐSKIPTARÁÐS ÞAKKAR STJÓRNUM MILLILANDARÁÐANNA FYRIR SAMSTARFIÐ UN DANFARIN TVÖ ÁR SEM OG ÖLLUM ÞEIM SEM HAFU LAGT HÖND Á PLÓG VIÐ SKIPULAGNINGU ÝMISSA VIÐBURÐA.



Bresk-íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1997

William Symington, (Íslandsbanki), formaður
Ísland:

Brynjólfur Helgason (CasimirCreations)
Árni Þór Þorbjörnsson (Landsbankinn)
Auður Björk Guðmundsdóttir (VÍS)
Bragi Þór Marinósson (Eimskip)
Dagmar Þorsteinsdóttir (HBH Byggir)

Bretland - Norður:

Mark Warburton (Bridge McFarland)
Simon Dwyer (Seafront)
Philip Hall (Hull City Council)
Steve Norton (Grimsby FMA)

Bretland - Suður:

Guðmundur Oddson (Logos)
Hjörvar S. Högnason (Icelandair)
Steinunn Kristín Þórðardóttir (Aktion)



Dansk-íslenska viðskiptaráðið
stofnað 2000

Sverrir Sverrisson (EC Consulting), formaður
Arnar Gíslason (Bako - Ísberg)
Bjarni Ó. Halldórsson (Aalborg Portland)
Lárus S. Ásgeirsson (Icelandic Group)
Sigurður Skagfjörð Sigurðsson (VJI Ráðgjöf)
Mads Elming (Ardagh Glass Holmegaard)
Steen Osorio (Samskip)
Peer Nørgaard (Peership)
Peter Møllerup (Logos Advokatanpartselskab)



Finnsk-íslenska viðskiptaráðið
stofnað 2007

Þórdís Lóa Þórhaldóttir (Pizza Hut), formaður
Pekka Mäkinen (Icelandair)
Jón Reyr Thorsteinsson (Own Capital Management)
Katrín Pétursdóttir (Lýsi)



Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið
stofnað 2001

Guðjón Rúnarsson (Samtök fjármálafyrirtækja), formaður
Ársæll Harðarson (Icelandair)
Benedetto Valur Nardini (BBA Legal)
Eva María Þórarinsdóttir (Trúnó)
Eygló Björk Ólafsdóttir (Móðir Jörð)

Gianluca Eminente (Unifrigo Gadus)
Guðrún Sigurðardóttir (Island Tours)
Jón Þór Grímsson (Landsbankinn)
Sigurður Þorsteinsson (Designgroupitalia)



Norsk-íslenska viðskiptaráðið
stofnað 2011

Steinunn K. Þórðardóttir (Aktion)
Bjarni Birkir Harðarson (Icelandair)
Bjørn Richard Johansen (First House)
Guðmundur Einarsson (ViljeVe)
Þórhallur Guðmundsson (Hospital Organiser)



Spánsk-íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1997

Friðrik Steinn Kristjánsson (Invent Farma), formaður
Mario Rotllant Sola, varaformaður (Copesco & Sefrís)
Ásbjörn Björnsson (Iceland Seafood)
Hildur Eir Jónsdóttir (Ernst & Young)
Joaquin Armesto (Íslenska umboðssalan)
Karl Hjálmarsson (ROK Marketing)
Sigríður Á. Andersen (LEX Lögmannsstofa)
Þorvarður Guðlaugsson (Icelandair)



Sænsk-íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1997

Jafet S. Ólafsson (Veigur), formaður
Alfreð Jóhannsson (Ó. Johnson & Kaaber)
Ásta Arnþórsdóttir (Islandia)
Bjarni Birkir Harðarson (Icelandair)
Keritús Kjartansdóttir (Harpa tónlistar og ráðstefnuhús)
Knútur G. Hauksson (Klettur)
Kristín Pétursdóttir (Auður Capital)
Jóhann G. Jóhannsson (Aztiqu Pharma)
Jóhanna Waagfjörð (Penninn)
Þórarinn Ævarsson (IKEA)



Þýsk-íslenska viðskiptaráðið
stofnað 1995

Páll Kr. Pálsson (Skyggni), formaður
Davíð Jóhannsson (Íslandsstofa)
Einar Páll Tómasson (Icelandair)
Kristján Hjaltason (Facts of Seafood)
Samúel Samúelsson (Isey Fischimport)
Sigsteinn P. Grétarsson (Marel)

STARFSEMI OG ÞJÓNUSTA

Ráðið býr að góðu fólki

Þó nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði Viðskiptaráðs síðustu tvö ár. Frosti Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, lét af störfum og hélt utan til frekara náms í ágúst 2010. Haraldur I. Birgisson tók á sama tíma við starfi aðstoðarframkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, en áður gegndi hann starfi yfirlögfræðings ráðsins. Í september 2011 hélt Björn Þór Arnarson, hagfræðingur ráðsins, jafnframt til náms erlendis og við starfi hans tók Lúðvík Elíasson hagfræðingur. Áður hafði Lúðvík unnið hjá MP-Banka, Landsbankanum og Seðlabanka Íslands.

Birna Ingólfssdóttir, ritari framkvæmdastjóra, lét af störfum í febrúar 2011. Elísabet Ó. Allwood og Elín Jónsdóttir hlutastarfsmenn í bókhaldi létu báðar af störfum hjá ráðinu á árinu 2010. Guðrún Valdimarsdóttir tók við af Þórunni Stefánsdóttur, fjármálastjóra, meðan á fæðingarorlofi hennar stóð. Einnig starfaði Björn Brynjúlfur Björnsson verkfræðinemi að útgáfumálum og skýrsluskrifum í hlutastarfi hjá ráðinu á árinu

2011. Stjórn og starfsfólk Viðskiptaráðs þakkar þessum fyrrum starfsmönnum fyrir samstarfið og vel unnin störf í þágu ráðsins og óskar þeim öllum á sama tíma velfarnaðar í framtíðinni.

Starfsmenn Viðskiptaráðs eru nú: Finnur Oddsson framkvæmdastjóri, Guðrún Valdimarsdóttir starfandi fjármálastjóri, Haraldur Ingi Birgisson aðstoðarframkvæmdastjóri, Hulda Sigurjónsdóttir móttökuritari, Kristín S. Hjálmtýsdóttir forstöðumaður alþjóðasviðs (framkvæmdastjóri millilandaráða sem hafa aðsetur á hæðinni), Lúðvík Elíasson hagfræðingur, Ragnar Þorvarðarson umsjónarmaður upplýsinga- og útgáfumála, Þórdís Bjarnadóttir lögfræðingur og Þórunn Stefánsdóttir fjármálastjóri.

Þorvaldur Þorláksson starfsmaður SVÍV, Örn S. Kaldalóns framkvæmdastjóri nefndar um rafræn viðskipti (Icepro) og Hulda Bjarnadóttir framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) hafa jafnframt aðsetur á skrifstofu ráðsins.

Fransk-íslenska viðskiptaráðið (FRÍS), sem stofnað var árið 1990, hefur einnig

haft aðsetur á hæðinni. Starfsemi ráðsins hefur legið í dvala frá árinu 2010 þegar þáverandi framkvæmdastjóri þess, Arnaud Siad, lét af störfum. Unnið er að því að færa starfsemi FRÍS til fyrri vegar, en ráðið hefur um langt skeið haft með höndum hluta af þeirri þjónustu sem áður heyrði undir viðskiptadeild franska sendiráðsins í Reykjavík.

Fjölbreytt önnur þjónusta

Auk þess fjölbreytta starfs sem unnið er á vettvangi Viðskiptaráðs og nefnt hefur verið hér að framan þá sinnir ráðið ýmiskonar þjónustu, þar á meðal útgáfu tvenns konar útflutningspappíra, upprunavottorða og ATA skírteina. Fjöldi erlendra fyrirtækja og stofnana setja það sem skilyrði að íslenskar vörur fluttar utan beri með sér skírteini um uppruna. Þá veitir ATA skírteini fyrirtækjum heimild til útflutnings án greiðslu tolla eða aðflutningsgjalda ef viðkomandi vara er aftur flutt til landsins innan árs.

Þá má jafnframt nefna að lögfræðingur Viðskiptaráðs veitir aðildarfélögum ýmis konar ráðgjöf á sviði atvinnurekstrar

auk þess sem starfræktur er sérstakur gerðardómur á vegum ráðsins. Tilgangur gerðardómsins er að bjóða aðildarfélögum ráðsins aðra leið til að leysa úr ágreiningi en almenna dómstóla. Gerðardómsmeðferðin er að fullu háð trúnaði og er almennt mun skilvirkari en málarekstur fyrir almennum dómstólum. Að lokum má nefna að Viðskiptaráð býður jafnframt upp á aðstoð við að leysa úr viðskiptadeilum með sérstakri sáttamiðlun.

Viðskiptaráð Íslands er fyrir þá sem vilja:

- vera upplýstir um málefni viðskiptalífsins
- stuðla að bættum starfsskilyrðum atvinnulífsins
- berjast fyrir sanngjarnri löggjöf og hagfelldu skattaumhverfi
- stuðla að heiðarlegum og heilbrigðum viðskiptaháttum
- sjá frjálst framtak njóta sín á Íslandi til hagsbóta fyrir samfélag og þjóð



Starfsfólk Viðskiptaráðs febrúar 2012



Verzlunarráð Íslands hefur í ríkum mæli látið til sín taka í málefnum, sem varða efnahag þjóðarinnar og atvinnuvegi. Framlag ráðsins hefur verið í formi ályktana, ráðstefnuhalds og ítarlegra umsagna um lagafrumvörp, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi, eða drög að slíkum lagafrumvörpum.

Um tillögur og umsagnir í 60 ára afmælisriti Verzlunarráðs árið 1977.

REKSTRARREIKNINGUR 2010 & 2011

	2011	2010
Rekstrartekjur		
Árgjöld	66.968.475	68.853.647
Tekjur fasteignar	6.760.093	6.690.139
Aðrar tekjur	46.410.597	41.455.851
	<u>120.139.165</u>	<u>116.999.637</u>
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	74.057.741	74.532.209
Annar rekstrarkostnaður	44.776.220	39.266.690
Rekstur fasteignar	4.078.469	4.336.029
Afskriftir	2.085.978	1.916.011
	<u>124.998.408</u>	<u>120.050.939</u>
Rekstrartap	(4.859.243)	(3.051.302)
Fjármunatekjur og (-gjöld)		
Vaxtatekjur og gengismunur	8.033.618	5.740.232
Vaxtagjöld	(57.580)	(9.743)
	<u>7.976.038</u>	<u>5.730.489</u>
Hagnaður ársins	<u>3.116.795</u>	<u>2.679.187</u>

Afkoma árána 2010 og 2011 er nokkuð hagfelldari en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun tímabilsins sem samþykkt var á aðalfundi í febrúar 2010. Þar var gert ráð fyrir tímabundnum halla á rekstri í samræmi við áætlun um eflingu starfsemi Viðskiptaráðs á tímabilinu.

EFNAHAGSREIKNINGUR 2010 & 2011

Eignir	2011	2010
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Hús Verslunarinnar	44.469.744	45.849.689
Hús Verslunarinnar, innréttingar	9.857.032	10.273.505
Áhöld og tæki	867.446	1.157.006
	<u>55.194.222</u>	<u>57.280.200</u>
Áhættufjármunir:		
Eignarhlutur í félagi	1.000.000	1.000.000
Fastafjármunir samtals	<u>56.194.222</u>	<u>58.280.200</u>
Veltufjármunir		
Óinnheimt árgjöld	1.117.866	1.792.742
Viðskiptakröfur	2.815.311	11.182.661
Handbært fé	135.948.828	124.915.716
	<u>139.882.005</u>	<u>137.891.119</u>
Eignir sjóða		
Eignir sjóða í vörslu Viðskiptaráðs Íslands	31.628.399	33.208.329
Eignir samtals	<u>227.704.626</u>	<u>229.379.648</u>
Eigið fé og skuldir	2011	2010
Eigið fé		
Varasjóður	171.390.032	168.273.237
Eigið fé sjóða		
Sjóðir í vörslu Viðskiptaráðs Íslands	31.628.399	33.208.329
Skammtímaskuldir		
Fyrirfram innheimtar tekjur	0	4.000.000
Viðskiptaskuldir	3.164.042	3.589.369
Ýmis ógreidd rekstrarútgjöld	15.804.477	13.985.904
Endurmenntunarsjóður Viðskiptaráðs Íslands	5.717.676	6.322.809
	<u>24.686.195</u>	<u>27.898.082</u>
Skuldir samtals	<u>24.686.195</u>	<u>27.898.082</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>227.704.626</u>	<u>229.379.648</u>



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Ljósmyndir af fulltrúum fyrirtækja: Baldur Kristjánsson
Hönnun og uppsetning: tobba@vinnustofan.is
Aðrar ljósmyndir: starfsfólk Viðskiptaráðs Íslands
Prentun: Prentmet



Umsjón með útgáfu: Ragnar Þorvarðarson og Haraldur I. Birgisson
Útgefið af Viðskiptaráði Íslands í febrúar 2012
Rafræna útgáfu af þessari skýrslu má nálgast á vefsíðu Viðskiptaráðs: www.vi.is

Published by the Iceland Chamber of Commerce: www.chamber.is

Um Viðskiptaráð Íslands

Viðskiptaráð Íslands eru heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Allir sem stunda rekstur, hvort sem er í smáum eða stórum stíl, geta átt aðild að ráðinu. Viðskiptaráð er vettvangur atvinnulífsins til þess að vinna að hvers konar framförum, að bættu starfsumhverfi og aukinni velmegun.

Viðskiptaráð Íslands

Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími: 510 7100
Netfang: mottaka@vi.is
Vefsíða: www.vi.is

Kauphöll Íslands / NASDAQ OMX Iceland | Kaupsel | Kistufell | Klakki | Klapparás | Klettur - sala og þjónusta | KPMG | Kvos | Kögun | Landsbankinn | Landsnet | Landsteinar Strengur | Landsvirkjun | Laugar | Lánasjóður Íslenskra námsmanna | LEX | Listasafnið Hótel Holt | Lífland - Mjólurfélag Reykjavíkur | LOCAL fjármál | LOCAL lögmenn | Locals Recommend / APPARAT HD | Loftmyndir | LOGOS | LS Finance | Lýsi | Lýsing | Lögfræðistofa Reykjavíkur | Mannvit | Marel | Maskína-rannsóknir | Matador Media / KinWins | Meniga | Miðlun | Miklatorg / IKEA | Míla | Motus | MP banki | Myllusetur | N1 | Naglinn vefþjónusta | Nathan og Olsen | Nordic eMarketing / Ferðavefir | NORDIK legal | Norðurál Grundartangi | Norræni fjárfestingarbankinn | Norvík | Nova Buildings | Nóri-Síríus | NTC | Nýherji | Odix Consulting | Olíuverslun Íslands / Olís | Opin kerfi | Outcome hugbúnaður | Penninn á Íslandi | Poulsen | Practical | Prentmet | PricewaterhouseCoopers | PrimaCare | Profilm | Promens | Puzzled by Iceland | Radisson BLU / Hótel Saga | Rarik | Reitir fasteignafélag | Responsible Surfing | Reynihlíð | Rolf Johansen & Co | SagaMedica - Heilsujurtir | Salka-Fiskmiðlun | Samskip | Samtök atvinnulífsins | Sena | Sigurást | Síminn | Sjóvá-Almennar tryggingar | Skakkiturn | Skandinavíska háskólastofnunin | Skefjar | Skeljungur | Skema | Skipti | Skjal | Skjárinn | Sláturfélag Suðurlands | Sparnaður | Stefnir | Steinunn Sigurd | Stendur | Straumur fjárfestingabanki | Strokkur Energy | Svarog | Sýningakerfi | Sævörur | Talnakönnun | Tannlæknastofa Þórarins Sigþ. | Tax Free Worldwide - Iceland | THG Arkitektar | Thorp | Thule Investments | Títan Fjárfestingafélag | Toyota á Íslandi | TrackWell | Transmit | Tryggingamiðstöðin | TVG-Zimsen | Urriðaholt | Útfararstofa Kirkjugarðanna | Útfararþjónustan | Úthafsskip | Útherji | Valitor | Varða Capital | Vátryggingafélag Íslands | Verðbréfaskráning Íslands | Veritas Capital | Verkís | Verslunin Brynja | Verzlunarskóli Íslands | Vélar og verkfæri | Viking Fish | Vífilfell | Vísir | VSÓ Ráðgjöf | Vörður tryggingar | Þríhöfði / GuitarParty | Öldungur | Ölgerðin Egill Skallagrímsson | Össur | 365 miðlar | 3X Technology | 66° Norður / Sjóklæðagerðin | Aalborg Portland Íslandi | About Fish Íslandi | Actavis Group | Advania | ADVEL lögfræðiþjónusta | AK-Eignir / Eignaumboðið | Alcan á Íslandi | Alcoa á Íslandi | Alkemistinn | Almenna verkfræðistofan | Andrá heildverslun | Arctica Finance | Arev verðbréfafyrirtæki | Arion banki | Atlantsolía | Auður Capital | Álfatungl / 4x4OffRoads | Árni Siemens | Árvakur | Árvík | Bakkavör Group | Bako | BBA Legal | BDO | Bernhard Petersen | Better Business World | Wide Ísland | Bílasmiðurinn | BL | Bláa Lónið | Bleika Ísland / Pink Iceland | Borgun | Brekkuhús | Brim | Brimborg | Búngaló | Bæjarins bestu | Calidris | Capacent | Carta Capital | CCP | Center | Centra Fyrirtækjaráðgjöf | CEO HUXUN | Clara | Congress | Reykjavík-Ráðstefnuþjónusta | Creditinfo Lánstraust | Danfoss | Data Market | Deloitte | DHL Express Iceland | Dögun Capital |

vi.is

EC | Consulting | Eignarhaldsfélagið Hof | Eimskip Ísland | EJS | Elás | Epal | Ernst & Young | Eskill | Expectus | Eyrir Invest | F.Bergsson Eignarhaldsfélag | Fafu | Farice | Félag ráðgjafarverkfræðinga | FISK-Seafood | Fjarskipti / Vodafone | Fjárstoð | Fjölver | Flugfélag Íslands | Flugleiðahótel / Icelandair Hotels | Framtíðarorka | Franch Michelsen | Fresko / Pizza Hut | Frjó Quatro | Frumherji | Fönn | Gagnavarslan | GAM Management | Gámapjónustan | Genís | Grand Hótel Reykjavík / Fosshótel | Guðmundur Arason | Hagar | Hagsýn bókhalds- og rekstrarþjónustan | Hampiðjan | Handlers | Hans Consulting | HaPP | Hálogaland | Háskólinn í Reykjavík | Hátækni | HB Grandi | Heilsuvernd | Héraðsverk | HGK | Himinn | Hjallastefnan | HJK | Hollenska aðalkonsúlatið | Holt og gott | Hraðfrystihúsið - Gunnvör | HS Orka | HugurAx | Húsasmiðjan | Hvalur | IC ehf | ICECOD / ISKOD | Iceland Pelagic | Iceland Seafood | Icelandair Group | Icelandic Fish & Chips |